



## Fundargerðir bæjarráðs 1936

---

Aðfnr. 7200

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[www.borgarskjalasafn.is](http://www.borgarskjalasafn.is)

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SKJALASAFN  
REYKJAVÍKURBÆJAR

Fundargerðir bæjarráðs

1936

.077.5:025.26 - .075.11

Aðfnr. 7200



BÆJARRÁÐ

FUNDARGJÖRÐIR

1936

B æ j a r r á ð .

---

Ár 1936, mánudaginn 28. desember, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist :

1. Bæjarráðið vill ekki fyrir sitt leyti leyfa Magnúsi Bjarnasyni og Bergi Arinbjarnarsyni að gera bifreiðaafgreiðslu í Annarhólstúni, eftir þeim teikningum sem fyrir liggja.
2. Tilkynnt að ríkisstjórnin hafi staðfest gjaldskrá fyrir Sundhöllina sem bæjarráðið hafði sett á fundi 4. þ.m.
3. Lagt fram brjef frá sundkennurunum við Sundlaugarnar viðvíkjandi nauðsynlegum umbótum á fataskýlinu við laugarnar.
4. Borgarstjóra falið að hlutast til um að af hálfu reykvíkinga verði mætt á fundi sem sýslunefnd Kjósarsýslu mun bráðlega boða til, þar sem rætt verði um varnir gegn útbreiðslu hinnar svænefnu borgfirzku fjárpestar.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldósson.

Jakob Möller.

Jón Axel Pjetursson.

Guðm. Þiríksson.

Bjarni Benediktsson.

## Bæjarráð.

Ár 1936, þriðjudaginn 22. des., kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist :

1. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Sogabletti III, sem Guðmundur Þórðarson ætlar að selja fyrir kr. 10.000.--.
2. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Vatnagarðabletti I, sem Ágúst Jónsson ætlar að selja fyrir kr. 3500.00.
3. Borgarstjóra heimilað að taka Melblett 7 úr erfðafestu og semja við erfðafestuhafa um endurkaupsverð landsins.
4. Beiðni frá Georg Jónssyni um leigu á Hafnarlandi við Skerjafjörð vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
5. Beiðni frá E. Rokstad um framhaldsleigu á jörðinni Elliðavatn vísað til rafmagnsstjóra til athugunar.
6. Samþ. að leyfa Sveini Ó Guðmundssyni að byggja verkferageymslu úr timbri á erfðafestulandinu Sogamyrrabletti XXXVIII.
7. Lagt fram brjef frá fisksöluum Hafliða Baldvinssyni og Jóni & Steingrími viðvíkjandi götusölu á fiski. Málinu frestað til athugunar.
8. Synjað tilboði frá Gáðari Gíslasyni kaupm. um kaup á þvottavjelum Sundhallarinnar.
9. Lagt fram brjef frá Í.S.Í. viðvíkjandi ráðningu eftirlitsmanns við Sundhöllina.
10. Lagt fram brjef frá Højgaard & Schultz viðvíkjandi kauphækkun iónaðarmanna við virkjunina, ásamt umsögnum rafmagnsstjóra.-- Samþ. að svara brjefinu á þann hátt, sem rafmagnsstjóri leggur til.
11. Lagt fram brjef frá stjórn Starfsmannafjelags Reykjavíkur um kauphækkun handa kyndurum í Gasstöðinni.
12. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar frá 11. des.
13. Lagt fram brjef frá atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, dags. 15. des., viðvíkjandi greiðslu sjúkrasamlagsiðgjalda fyrir þurfalíngi.  
Bæjarráðið samþ. með 3:2 atkv. að halda fast við ályktun sína frá 26. júní s.l. um þetta mál.  
Jón Axel Pjetursson og Guðm. R. Oddsson óskuðu bókað, að þeir vildu hlyta úrskurði ráðuneytisins.
14. Lagður fram reikningur yfir kostnað við Vinnumiðlunarskrifstofuna í nóv.
15. Lögð fram skýrsla frá Vinnumiðlunarskrifstofunni um tölu atvinnulausra manna.
16. Lögð fram ályktun frá fundi stjórnar Vinnumiðlunarskrifstofunnar 19. des.
17. Lögð fram fundarályktun frá verkamannafjelaginu Dagsbrún.
18. Lögð fram fundarályktun frá verkamönnum í atvinnubótavinnunni í Flóa.
19. Lögð fram skýrsla frá Ráðningarskrifstofu Reykjavíkurbæjar í nóv.

20. Lagt fram brjef frá utanríkisráðuneytinu viðvíkjandi væntanleg boði um að senda fulltrúa til hátíðahalda í Oslo 28.-29. jan.
21. Jón A. Pjetursson og Guðmundur R. Oddsson báru fram svo hljóðandi tillögu :

Með tilliti til þess hve seint gengur jarðhitarannsóknunum á Reykjum með vinnufyrirkomulagi því, sem nú er, en það hlýtur að teyja fyrir lagningu hitaveitu til bæjarins, samþykki bæjarráðið að fela borgarstjóra að láta tafarlaust eftir aramót hraða borunum með því að hafa tvískiftar vaktir við boranirnar á Reykjum.

Tillögunni vísað til bæjarverkfræðings.

22. Jón Axel Pjetursson bar fram þá tillögu, að 200 manns væru hafðir í atvinnubótavinnu milli jóla og nýjars af hálfu bæjarins, þannig að 300 manns sjeu alls í vinnunni þenna tíma. Út af þessu var svofelld ályktun samþ. með 3:2 atkv.:

Þar sem upplýst er, að varið hefir þegar verið til atvinnubóta verulegri fjárhæð fram yfir það, sem bæjarráð ræður þfir í þessu skyni, og þar sem þegar á síðastliðnu hausti var ákveðið að fella niður vinnuna milli jóla og nýjars, en hafa heldur fleiri menn við vinnuna í hverri viku til jóla, heldur bæjarráð við fyrri ákvörðun í þessu efni.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Guðm. Ásbjörnsson.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Oddsson.

Jón Axel Pjetursson.

B æ j a r r á ð .  
-----

Ár 1936, þriðjudaginn 15. desbr., kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í skrifstofun sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist :

1. Samþ. að leggja svohljóðandi tillögu fyrir bæjarstjórn:

Bæjarstjórn samþykkir að verja allt að kr. 210,000.- til ellilauna og þrorkubóta að þessu sinni.

2. Lagðar fram breytingartillögur að frv. til fjárhagsáætlunar fyrir Reykjavíkurborg árið 1937, er borist höfðu til skrifstofu borgarstjóra, svo og skrá yfir erindi um styrkbeiðnir og fl.

3. Samþ. að leggja til við bæjarstjórn að kostnaður við barnavernd verði áætlaður kr. 10,000.- í stað kr. 8000.00 sem nú er á fjárhagsáætlunarfrumvarpinu.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Guðm. Ásbjörnsson.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Bjarni Benediktsson.

Jón Axel Pjetursson.

B æ j a r r á ð .

-----

Ár 1936, föstudaginn 11. desember, kl. 5. e.h., hélt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni:

Þetta gerðist:

1. Samþ. að gera leigusamning um lóðina nr. 163 við Hringbraut við Ólaf Theódors, Marargötu 7, og leigusamning um lóðina nr. 165 við sömu götu við Diðrik Helgason, Hávallagötu 46.
- Samþ. að leigja h/f Litir & Lökk 1250 ferm. lóð í Rauðarárholti undir verksmiðjuhús, með sömu kjörum og lóð h/f Stálofnagerðin.
3. Samþ. að leigja Agli Vilhjálmssyni 11.6 m. viðbótarlóð vestarvert við hús hans nr. 118 við Laugaveg.
4. Lagt fram bréf frá Ípróttasambandi Íslands viðvíkjandi verðlagi á fatageymslugjaldi í sundlaugunum.
5. Lögð fram beiðni frá Slysavarnarfélagi Íslands um styrk úr bæjarsjóði.
6. Lagt fram erindi Stéttarfélags barnakennara í Reykjavík um hækkun á stundakennarakaupi úr kr. 2.50 upp í kr. 3.00 á kennslustund.
7. Erindi starfsmanna gasstöðvarinnar um launahækkun. Samþ. að óska umsagnar gasstöðvarstjóra um erindið.
8. Lagt fram erindi Ól. G. Einarssonar, þar sem hann fer fram á að bæjarsjóður kaupi spildu af lóðinni nr. 31 við Skóla - vörðustíg til breikkunar Bjarnastíg. Málið gefur ekki tilefni til ályktunar.
9. Synjað tilboði Ludvígs Storr kaupm. um kaup á áhaldahúsi bæjarins við Vegamótastíg, með tilheyrandi lóð og öllum mannvirkjum, fyrir 30 þús. krónur.
10. Póst- og símamálastjórinn óskar umsagnar um erindi Strætisvagnar Reykjavíkur, dags. 6. okt. sl., þar sem þeir sækja um að fá að fella niður ferðir á leiðinni Reykjavík - Fossvogur. Umsögn skipulagsnefndar fólksflutninga fylgdi bréfi póst- og símamálastjórans. - Samþ. með 3:2 atkv. að mæla með beiðninni, enda taki fólksflutningavagnar er ganga í Hafnarfjörð, farþega í Fossvog.
11. Lagt fram tilboð Garðars Gíslasonar verðlm. um kaup á þvottavélum, ásamt öllum áhöldum, sem keyptar hafa verið fyrir þvottahús Sundhallar. - Samþ. að æskja umsagnar forstjóra Sundhallar.
12. Verkamannafélagið Dagsbrún sendir ályktun samþykta á fundi félagsins 10. des. s.l. viðvíkjandi atvinnubótavinnu 1937.
13. Verkamannafélagið Dagsbrún sendir ályktun samþykta á fundi félagsins 10. des. s.l. viðvíkjandi fjölgun í atvinnubótavinnu.
14. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskeiðstofunnar um skrásetta atvinnulausa menn 10. þ.m.

15. Lagt fram erindi Barnaverndarnefndar Reykjavíkur viðvíkjandi stað til bráðabirgðadvalar hér í bænum fyrir börn, er taka verður af heimilum, þar til unt verður að koma þeim fyrir á öðrum heimilum, í sveit eða annatsstaðar.

16. Útsvarsmál: Jón Jónsson frá Stóradal.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Jakob Möller.

Guðm. Ásbjörnsson

Bjarni Benediktsson.

Jón Axel Pétursson.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Ár 19  
Fund í s  
1. Kristjáni  
festulandi  
sem settir  
Sömuleiðis  
2. Ingimar K.  
fjós og hl  
þlyti hann  
3 erfðafes  
3. Vörubílas  
hafa met  
til athug  
4. Bæjaryerk  
kaup á fa  
5. Ólafur G.  
sjóður ka  
stíg. Fa  
6. Lagt fram  
viðvíkjar  
Reykjavík  
7. Bæjarráð  
í raforku  
8. Lögó fra  
seminá í  
9. I.S.I. ó  
sundsyni  
10. Synjað b  
huseign  
11. Lögó fra  
atvinnul  
12. Ákveðið  
vera skv  
fundi í  
Sömuleið  
veita ol  
bæjarst.  
Jakob Mölle  
Bjarni Bene

B æ j a r r á ð .  
-----

Ár 1936, föstudaginn 4. desember, kl. 5 e.h., hjelt bæjar-  
ráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist :

1. Kristjáni Ól. Sveinssyni leyft að byggja íbúðarhús á erfða-  
festulandinu Kringlumýrarbl. XXIV, enda hlýti hann skilmálum  
sem settir kunna að verða um byggingar á erfðafestulöndum.  
Sömuleiðis leyft að byggja alifuglahús úr timbri á landinu.
2. Ingimar Kjartanssyni veitt leyfi til að byggja íbúðarhús,  
fjós og hlöðu á erfðafestulandinu Þvottalaugarbl. XIV, enda  
hlýti hann skilmálum sem settir kunna að verða um byggingar  
á erfðafestulöndum.
3. Vörubílastöðin " Þróttur " sækir um lóð við Miðbæinn þar sem  
hafa mátti bifreiðarstöð og stæði. Falið bæjarverkfræðingi  
til athugunar.
4. Bæjarverkfræðingi falið til umsagnar: tilboð L. Storr um  
kaup á fasteignum bæjarins við Vegamotastíg.
5. Ólafur G. Einarsson, Skólavörðustíg 31, sækir þess að bæjar-  
sjóður kaupi skika af lóð sinni, sem taka þarf undir Bjarnar-  
stíg. Falið bæjarverkfr: til umsagnar.
6. Lagt fram brjef lögreglustjórans í Reykjavík, dags. 27. f.m.,  
viðvíkjandi vinnu við pípulagnir í þágu Vatns- og Hitaveitu  
Reykjavíkur.
7. Bæjarráð samþykkir að rafmagnsstjórinn í Reykjavík taki sæti  
í raforkumálanefnd skv. lögum nr. 28, 23. júní 1932.
8. Lögð fram skýrsla Ráðningarstofu Reykjavíkurbæjar um starf-  
semina í oktbr. síðastl.
9. I.S.I. óskar þess að fá afnot af Sundhöllinni 29. jan. til  
sundsyninga í sambandi við 25 ára afmæli sambandsins.
10. Synjað beiðni Símonar Sveinssonar um hjálp til þess að forða  
huseign hans, Arnargötu 12, frá nauðungarsölu.
11. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta  
atvinnulausa verkamenn 3. þ.m.
12. Ákveðið að fyrst um sinn skuli aðgangseyrirað Sundhöllinni  
vera skv. tillögum um verðskrá sem lagu fyrir bæjarstjórnar-  
fundi í gær og vísað var til bæjarráðs.  
Sömuleiðis ákveðið að selja megi aðgang við lægra verði eða  
veita ókeypis aðgang á vissum tímum, eftir nánari ákvörðun  
bæjarstjórnar.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Jakob Möller.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson.

B æ j a r r á ð

Ár 1936, föstudaginn 27. nóvember, kl. 5 e.h., hjelt bæjar-  
ráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist :

1. Lagt fram brjef barnavinafjel. Sumargjöf viðvíkjandi byggingu dagheimilis fyrir börn á Grundarbletti. Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.
2. Lagt fram brjef húseigenda við C-götu í Norðurmýri þar sem skorað er á bæjarráð að láta leggja götuna austur á bóginn eins og ráðgert er skv. skipulagsupphætti. Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.
3. Arkitektafjelag Íslands skorar á bæjarráð að sjá um að starfsmenn bæjarins, sem vinna að skipulagi bæjarins eða skildum störfum, hafi ekki rjett til hústateikninga fyrir einstaklinga.
4. Lagt fram brjef frá íþróttafjelögum Ármann, K.R. og Ági þar sem farið er fram á að fjelagar í þessum íþróttafjelögum, sem iðka sundæfingar á vissum tímum þurfi ekki að greiða gjald fyrir fatageymslu í Sundlaugunum. Falið borgarstjóra til athugunar.
5. Lagt fram brjef frá Byggingarfjelagi Alpýðu með eftirriti af brjefi sem fjelagið hefir skrifað eftirlitsmanni bæjarstjórnar, Bjarna Benediktssyni, um úthlutun íbúða til fjelagsmanna.
6. Samþykkt að hækka koksverð Gasstöðvarinnar upp í 52 kr. tonnið.
7. Lögð fram matsgerð yfirmatsmanna um endurgjald fyrir erfðafestu-landið Norðurmýrarbl. I.
8. Lögð fram ályktun fundar í Sjómannafjelagi Reykjavíkur 20.p.m.
9. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 26. p.m.
10. Lagt fram brjef bókavarðar Bæjarbókasafnsins viðvíkjandi bóka-kaupum.
11. Útsvarsmál: Þorsteinn Sigurðsson, Grett. 13, Steingrímur Steinþórsson, Mar. 3, Karl Menszke, Templ. 3, Bifreiðastöð Reykjavíkur h/f., Jón P. Einarsson, Lvg. 70 B, Ólafur Benediktsson, Sæboli, Kristín Guðmundsdóttir, Þingh. 8 B, Símon Simonarson, Hringbr. 70, Pjetur Gunnlaugsson, Baugsvegi 4, Sigurður Magnússon, Hörp. 12, Ólafur Þ. Þarnason, Freyjug. 27, Jóhannes J. Norland, Kar. 2, Jón J. Jónsson, Haga, Kjartan Gíslason, Ljósvallag. 14, H.J. Hansen, Lvg. 103, Jón Sigurðsson, Vest. 59, Jón Danielsson, Aust. 4, Guðriður Ingvarsdóttir, Njg. 74, Jón Kr. Jónsson, Nyl. 29, Guðrún Jónsdóttir, Þing. 33, Guðmundur Gíslason, Lvg. 140, Eyjólfur Jónsson, db., Lvg. 53.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Jakob Möller.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Bjarni Benediktsson.

Jón Axel Pjetursson.

Guðm. Ásbjörnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B æ j a r r á ð .

Ár 1936, föstudaginn 20. nóvember , kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist :

1. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Fossvogsbl. XXXVII.
2. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Sogamýrarbl. XXX.
3. Samp. að gefa Ingólfi Guðmundssyni, Laugarnesvegi 47, kost á leigulóðunum nr. 44 og 46 við Sellandsstíg.
4. Lagt fram erindi frá bifreiðastjórafjelaginu Hreyfill þar sem farið er fram á að fjelaginu verði látni í tje á leigu ca. 800 ferm. lóð í miðbænum til þess að starfrækja þar bifreiðarstöð fyrir fólksflutningsbifreiðar. Vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
5. Eftir beiðni Emils Rokstads, Bjarmalandi, var samp. að leyfa sameignarfjela ginu " Kverna " að hafa fiskimjólsværksmiðju á erfðafestulandinu Laugamýrarbletti VIII í stað lýsisværksmiðju, sem þar hefir aður verið, enda verði greidd hæfileg leiga, eftir ákvörðun síðar, fyrir not landsins í þessu skyni.
6. Fjelag ísl. flug- og flugvjelamanna óskar þess, að bæjarstjórn láti gera umbætur á flugvellinum í Vatnsmýrinni. Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.
7. Samp. að leyfa knattspyrnufjel. " Fram " að gera skautasvell á Austurvelli nú í vetur. Það er skilyrði að starfsmenn fjelagsins opni ekki brunahana án leyfis bæjarverkfræðings hverju sinni og ennfremur að ekki verði musik við svellið eftir kl. 10 á kveldin.
8. Rosenkar I Ingimundarson, Klapp. 5 A, sækir um meðmáli til þess að fá veitingaleyfi. Vísað til bæjarstjórnar.
9. Sjómannafjelag Reykjavíkur sendir ályktun fjelagsfundar 28. þ.m. viðvíkjandi útgerð togaranna í bænum.
10. Verkamannafjelagið Da gsbrún sendir bæjarstjórn áskoranir, sem voru samþykktar á fjelagsfundi 13. þ.m..
11. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 19. þ.m.
12. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um starfsemi í októbermánuði með reikningi.
13. Lagðar fram tillögur viðvíkjandi fatageymslugjaldi í Sundlaugunum, sem vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar 19. þ.m.
14. Lögð fram tillaga Arngríms Kristjánssonar viðvíkjandi ljósböðum í barnaskólunum, er vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar 19. þ.m.
15. Samp. að fela forstjóra Sundhallarinnar að annast um kaup á handklæðaeefni og öðrum nauðsynlegum varuungi til Sundhallarinnar samkv. tillögum hans.

16. Lagðar fram tillögur um verð aðgöngumiða að Sundhöllinni.
17. Bæjarráð samþykkir breytingu á kvöð um gangrjett tilheyrandi lóðinni nr. 33 við Eiríksgötu, er hvílir á lóðinni nr. 31 við sömu götu.
18. Bæjarráð samþykkir tillögur forstjóra Sundhallarinnar um breytingar á herbergi, sem til þessa hefir verið atlað fyrir aðgöngumiðasölu.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Jakob Möller.

Bjarni Benediktsson.

Jón Axel Pjetursson.

Guðr. Eiríksson.

B æ j a r r á ð .

Ár 1936, föstudaginn 13. nóvbr. kl. 5 e.h. hjelt bæjar-  
ráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að gera leigusamning um lóðina nr. 110 við Njálsgötu við Tómas, Guðmund og Kjartan Tómassyni.
2. Samþ. að leyfa Sturlaugi Jónssyni að byggja viðbyggingu við húsið á Bústaðabletti VII enda hlýti hann skilmálum, sem settir kunna að verða um byggingar á erfðafestulöndum.
3. Beiðni Eiríks Þorsteinssonar og Ingbórs Sigurbjörnssonar um framlengingu Háaleitisvegar vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.
4. Lögð fram ályktun aðalfundar Íþróttakennarafjelags Íslands sem vítir að forstjórastarf við Sundhöllina skyldi hafa verið veitt manni sem ekki hefir notið "íþróttalegrar menntunar".
5. Glímufjlagið Ármann, K. R. og sundfjel. Egir æskja þess, að fjelögunum verði veitt einkaafnot Sundhallarinnar á viss- um tíma dags.
6. Barnaverndarráðið og barnaverndarnefnd Reykjavíkur skora á bæjarstjórn að láta koma upp við barnaskóla bæjarins tækjum til ljósbaða og tækjum handa skólalæknum til þess að gegn- lýsa börn og kennara.  
um starfsemi
7. Lögð fram skýrsla/Vetrarhjálparrinnar veturinn 1935 -1936.
8. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 12. þ.m.
9. Lagt fram brjef atvinnuleysisnefndar "Dagsbrúnar" dags. í dag þar sem skorað er á bæjarstjórn að fjölga mönnum í at- vinnubótavinnu og að stytta ekki vinnudaginn.
10. Lagt fram brjef oddvitans í Byrarsveit þar sem beiðst er eftirgjafar á 75% af framfærsluskuldum hreppsins við bæjar- sjóð. Bæjarráð getur ekki orðið við beiðninni.
11. Bæjarráð getur heldur ekki orðið við samskonar beiðnum frá oddvitum Reykjarfjarðarhrepps og Nauteyrarhrepps.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Guðm. Ásbjörnsson.

Bjarni Benediktsson.

Jakob Möller.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Axel Pjetursson.

B æ j a r r á ð .

---

Ár 1936, föstudaginn 6. nóvbr. kl. 5 e.h., hjelt bæjar-  
ráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist :

1. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Hjallalandsbl.
2. Samþ. að leyfa Þorleifi H. Eyjólfssyni að byggja við og breyta Hjallalandi á Hjallalandsbletti, enda hlýti hann skilmálum sem settir kunna að verða um byggingar á erfðafestulöndum.
3. Eftir beiðni Geirs Ólafssonar, öld. 42 var samþ. að gefa Einari Sveinssyni kost á leigulóðinni Sólvallagötu 32, enda semji þeir um endurkaupsverð fyrir mannvirki Geirs á lóðinni.
4. Beiðni Einars Sveinssonar um að leggja 2 metra breiða spildu af lóðinni nr. 30 við Sólvallagötu við lóðina nr. 32 við sömu götu, í því skyni að þeirri lóð verði skift, vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.
5. Eftir beiðni Magnúsar Bjarnasonar og Bergs Arnbjarnarsonar var samþykkt að falla frá leigurjetti bæjarins á suðvestur horni Arnarhólstuns.  
Beiðni sömu manna um að fá leigða spildu á milli Kalkofnsveg-  
ar og túnsins vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
6. Lagt fram brjef frá stjórn í S. í. viðvíkjandi skipulagi Naúthólsvíkurlandsins og framkvæmdum þar, svo og tillögum um ípróttamál sem voru samþykktar á aðalfundi í.S.í. síðastl. vor.
7. Lagt fram brjef frá A/S. Höjgaard & Schultz, dags. 30. f.m. þar sem tilkynnt er að vinna við Sogsvirkjunina hafi verið stöðvuð frá 28. s.m. vegna illviðra sem firmað telji " force majeure " skv. 11. gr. verksamningsins, svo og umsögn rafmagns-  
stjóra um brjefið. Ákveðið að mótmæla því, að vinnustöðvun-  
in sje rjettlætlanleg vegna þess að um " force majeure " hafi  
verið að ræða.
8. Samþ. að svara brjefi A/S. Höjgaard & Schultz, dags. 13. f.m. viðvíkjandi bótum fyrir sandtöku í landi Syðri-Brúar eftir tillögu rafmagnsstjóra.
9. Lagt fram brjef rafmagnsstjórans, dags. 4.þ.m. þar sem hann skýrir frá umræðum á milli sín og eiganda Syðri-Brúar o.fl. um sandtöku til Sogsvirkjunarinnar.
10. Lagt fram brjef rafmagnsstjóra um erindi Magnúsar V. Jóhannes-  
sonar viðvíkjandi innheimtu rafmagnsgjalda hjá þurfamönnum.  
Borgarstjóra falið að láta athuga málið.
11. Lagt fram erindi Sigurðar Magnússonar o. fl. þar sem beiðst er ábyrgðar bæjarsjóðs fyrir 10 þús. króna láni er tryggt verði með veði í m/b " Diddó " og varið til þess að greiða áhyllandi veðskuld og til kaupa á nýrri vjel í bátinn. Bæjar-  
ráðið getur ekki lagt með beiðninni.
12. Lagt fram brjef barnaverndarráðs og barnaverndarnefndar Reykjavíkur þar sem farið er fram á aukio legreglu eftir-  
lit við höfnina.

13. Lagt fram brjef Bjarna Benediktssonar ásamt eftirriti af brjefi sem hann hefir skrifað stjórn Byggingarfélagss Alþýðu viðvíkjandi úthlutun íbúða í hinum nýju húsum félagsins.
14. Lögð fram tillaga Jóhönnu Egilsdóttur sem vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar 5. þ.m.
15. Lögð fram tillaga Einarss Ólgeirssonar sem vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar 5.þ.m.
16. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 5 þ.m.
17. Ákveðið að taka fyrst umsinn 20 auro gjald fyrir fatageymslu í sundlaugunum af öllum baðgestum 14 ára og eldri, en börn yngri en 14 ára fái geymd fót sín án endurgjalds

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Guðm. Ásbjörnsson.

Jón Axel Pjetursson.

Bjarni Benediktsson.

Jakob Möller.

B æ j a r r á ð .

Ár 1936, föstudaginn 30. október kl. 5 síðdegis, hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist :

1. Samþ. að leyfa Kristínu Guðmundsdóttur, Hallskoti við Laufásveg að byggja gróðurhús úr gleri á gömlu erfðafestulandi fyrir sunnan Hallskot, með því skilyrði að húsið verði rífið, bænum að kostnaðarlausu þegar krafist verður. Jafnframt ákveðið að gera erfðafestusamning um landið.
2. Synjað beiðni Bótólfs Sveinssonar um að byggja bílskúr úr steinsteypu á erfðafestulandinu Vatnsmýrarbl. XXII.
3. Samþ. að leyfa Gunnari Jónssyni, Sogabl. 16, að byggja hænshús úr timbri á erfðafestulandinu Sogabl. 16.
4. Lagt fram brjef nokkurra manna, sem hafa unnið að steinagerð til gatna s.l. sumar, þar sem þeir æskja þess, að keypt verði af þeim grjót nú þegar. Vísað til bæjarverkfræðings.
5. Húseigendur við Mjólnisveg óska þess að gatan verði lagfærð. Vísað til bæjarverkfræðings til fyrirgreiðslu.
6. Samþ. að taka af erfðafestulöndunum Þvottalaugamýrarbl. IV og V spildu undir framlengingu Engjavegar frá Múlavegi að Þvottalaugavegi og gera veginn í atvinnubótavinnu.
7. Lagt fram brjef frá stjórn Í.S.I. þar sem því er lýst yfir, að stjórnin telji staðinn í Mauthólsvíkurlandi heppilegan fyrir íþróttahverfi bæjarins. Bæjarverkfræðingi falið að hefja undirbuning íþróttavallagerðar með því, að láta grafa framræsluskurð um landið.
8. Lagt fram brjef frá stjórn Fjelags matvörukaupmanna í Reykjavík þar sem þess er æskt f.ð. fjelagsmanna að þeim verði veittur sami rjettur til þess að hafa búðir sínar opnar sem öðrum kann að verða veittur.
9. Bakameistarafjelag Reykjavíkur fer fram á að bæjarstjórn leyfi að brauðsölubúðir megi verða opnar til kl. 8 e.h. alla daga.
10. Lagt fram brjef frá Helga Hafberg viðvíkjandi lokun veitingastofu sem hann hefir rekið undanfarin ár á Laugavegi 12.
11. Bæjarverkfræðingi falin til afgreiðslu beiðni skólanefndar Miðbæjarskólans um að borið verði ofan í lóð við Baugsveg 7, sem nú er notuð sem leikvöllur fyrir skólabörn.
12. Samþ. að mæla með því að Ásbirni Ólafssyni verði veitt uppreist æru.
13. Lögð fram skýrsla Ráðningarstofu Reykjavíkur fyrir septembermanuð.
14. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 29. þ.m.
15. Erindi Magnúðar V. Jóhannessonar viðvíkjandi lokun fyrir rafstraum hjá einum þurfamanna bæjarins vísað til rafmagnsstjóra til umsagnar.

16. Þórður Guðmundsson og Annilius Jónsson, Framnesvegi 47, fara þess á leit, að bæjarsjóður ábyrgist 12 þús. króna lán til tveggja ára með veði í bátum þeirra "Hafþór" og "Fram" og ófengnum afla. Vísað til bæjarstjórnar.

17. Útsvarsmál:

Þorgeir Pálsson, Lind. 19, Vilborg Jónsdóttir, Ing. 3, Þorgils Bjarnason, Lind. 1 D, Þóra Ingimundardóttir, Klapp. 5, Ingibjörg Ingimundardóttir, s.st. Tomas Albertsson, Tomasarhaga, Sveinbjörg Vigfusdóttir, Hávallagötu 5, Sæmundur Bjarnhjeðinsson, db., Guðm. Ólafsson db., Stefán Guðnason, Berg. 17, Helgi Sivertsen, Ásv. 14, Soffía Brandsdóttir, Kleppsv. M.-Kleppi, Sigurður Sveinbjarnarson, Lauga 147, Sigurður Jónsson, Görðum, Sigurfinnur Hallvarðsson, Við. 11, Rósa Björnsdóttir, Njg. 4 B, Pálmi Pálmason, Skálholtsstíg 2 A, Ondula hárgreiðslustofa, Matthías Ólafsson db., Brjóstsykurgæðin Núi h/f., Magnús V. Guðmundsson, Lvg. 143, Magnus Magnússon, Frakk. 20, Puriður Sigurjónsdóttir, Bar. 18, Vilhelmina Jónsdóttir, Leifsg. 5, Julius E. Kolbeins, Tungötu 31, Oddur Kristjánsson, Leifsg. 8, Jóhannes Magnússon, Bráv. 10, Arni Sigurðsson, Grjót. 5, Helgi Guðmundsson, Ingólfsstræti 6, Sigurður Breiðfjörð db., Atli Ólafsson, Lvg. 38, Albert Jónsson, Bræðr. 15, Björn Friðriksson, Kár. 8, Eggert Briem db., Einar Kr. Auðunsson, Bar. 30, Emília Benediktsdóttir, Grett. 16, Eyjólfur Þorsteinsson, Lauf. 60, Guðni Ólafsson, Garð. 39, Guðriður Helgadóttir, Lind. 8 A, Gunnar Þorsteinsson, Vífilsstöðum, Helga Ó. Finnbogadóttir, Bald. 23, Hersveinn Þorsteinsson, Hömrum, Ingi Halldórsson, Vesturg. 14, Jón-Guðnason, Grett. 59, Jónas Árnason, Berg. 30, Karl Finnsson, Bergþ. 15, Einar Gíslason, Óð. 17, Hafsteinn Guðmundsson, Eiríksgötu 13, Jón P. Þinarsson, Laug. 70 B, Jón Guðjónsson, Lvg. 27, Jón Kristján Gunnarsson, Reykjavíkurb. 13, Jón Jónsson, Ran. 18, Gíesur Kristjánsson, Ran. 3, Hálfðan Helgason, Baugsvegi 3 A, Jón Gunnarsson, Fjöln. 1, Jón Gunnlaugsson, Bar. 65, Jón Jóhannsson, Freyjug. 45, Anna Hinriksson, Lind. 12, Bifreiðarstöð Akureyrar, Stefán Bjarnarson, Fossvogsbl. V, Einar Karl Magnússon, Framnesv. 12, Jón Þinarsson, Rjettarholti.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.

Jakob Möller.

Jón Axel Pjetursson.

Bjarni Benediktsson.

B æ j a r r á ð .

Ár 1936, föstudaginn 23. oktbr. kl. 5 e.h. hjelt bæjar-  
ráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist :

1. Magnús Brynjólfsson tilkynnir að ekki hafi náðst samkomulag við þann, sem bæjarráð hefir gefið kost á leigulóðinni nr. 33 við Seljaveg um kaup á mannvirkjum sem á lóðinni eru.
2. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Laugarásbletti XVII.
3. Samþ. að leyfa Birni Jónssyni, Lvg. 139, að byggja skúr úr timbri á erfðafestulandinu Kringlumýrarbl. XIV.
4. Lagt fram brjef lögreglustjórans í Reykjavík viðvíkjandi kaupum á bifreiðum fyrir lögregluna. Bæjarráð mun mæla með því, að á fjárhagsáætlun næsta ars verði áætluð hæfileg fjárhæð til kaupa á tveim lögreglubifreiðum af þeirri gerð, sem lýst er í brjefinu og lögreglan í Oslo notar nú.
5. Lagður fram frumdráttur að skipulagi á íþróttasvæði í svonefnda Nauthólsvíkurlandi. Samþ. að senda stjórn Í.S.Í. uppdráttinn til umsagnar með tilmælum um að stjórnin beri hann undir Knattspyrnuráð Reykjavíkur.
6. Lagt fram brjef frá A/S Højgaard & Schultz, dags. 15. þ.m. þar sem tilkynnt er að firmað hafi gert samninga við iðnaðarmenn, sem auki kostnað við framkvæmd virkjunarinnar og að þann kostnað eigi Sogsvirkjunin að endurgreiða. Borgarstjóra falið að svara brjefinu í samráði við rafmagnsstjóra, en bæjarráð tekur fram að það álíti kostnaðinn Sogsvirkjuninni óviðkomandi.
7. Lagt fram brjef frá A/S Højgaard & Schultz, dags. 13. þ.m. ásamt kröfu Þórðar Erlendssonar, Syðri-Brú um endurgjald fyrir efni sem tekið er úr landi jarðarinnar til virkjunarinnar. Vísað til rafmagnsstjóra til umsagnar.
8. Samkv. umsókn Brynjólfs Árnasonar lögfr. var samþykkt með meiri hluta atkv. að óska þess að hann verði löggiltur fulltrúi lögmanns til þess að framkvæma lögtök fyrir ogreiddum iðgjöldum til Sjúkrasamlags Reykjavíkur.
9. Synjað erindi Jóhanns Karlssonar, Þórsg. 8, um leyfi til þess að setja upp sjálfsala við Útvegsbankann.
10. Lagt fram brjef skólanefndar Miðbæjarskólans viðvíkjandi húsnæði fyrir matgjafir í Skildinganesi.
11. Lagt fram brjef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, dags. 22. þ.m. viðvíkjandi fram-lagi úr ríkissjóði til atvinnubóta hjer í bænum á yfirstandandi ári. Út af brjefinu tekur bæjarráðið fram, að verði settar reglur um atvinnubótavinnu geti þar ekki gilt fyrir þann tíma, sem liðinn verður. Ennfremur óskar bæjarráð þess að slíkar reglur verði ekki settar, án þess að samkomulags verði leitað við bæjarráðið.
12. Lagt fram brjef verkamannafjelagsins Dagsbrun, dags. 15. þ.m. þar sem tilkynntar eru ályktanir sem voru gerðar á fjelagsfundum 11. þ.m. viðvíkjandi atvinnubótum og matgjöfum til fátækra skólabanna.

13. Lagt fram brjef atvinnuleysisnefndar verkamannafjel.  
"Dagsbrún" dags. 23. p.m. þar sem skorað er á bæjarráð  
að fjölga í atvinnubótavinnu.
14. Atvinnuleysisnefnd verkakvennafjelagsins "Framsókn" skorar  
á bæjarráð að hefja atvinnubætur fyrir konur.
15. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta  
atvinnulausa verkamenn 22. p.m.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Jakob Möller.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Guðm. Ásbjörnsson.

Jón Axel Pjetursson.

Bjarni Benediktsson.

Ár 193  
Fund í s

Samp. að g  
Halldórsson  
beiðni Erl  
innar.  
Sýnjað bei  
hussbyggin

Samp. að l  
ur steinst  
hlýti hann  
settir kun

Lagt fram h  
beiðst er á  
manna meini  
Samp. með  
oskar tekið  
um ut af er

Samp. að fe  
Bringbraut.

Samp. að ta  
verði látn

Lögð fram  
vinnulausa

Lögð fram  
ráðs á fun

Lögð fram  
ráðs á fun

Lagt fram h  
Dagsbrun un

Bæjarráðið  
rjett til P  
samkv. samr

Lagt fram h  
er eftir þv  
kl. 11 1/2 á vi  
gösdrykki c

Guð  
Jak

B æ j a r r á ð .

Ár 1936, föstudaginn 16. október, kl. 5 e.h., hjelt bæjar-  
ráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist :

1. Samþ. að gera samning um leigu á lóðinni Leifsgötu 10 við Pál Halldórsson, Grettisgötu 88 og Viggó Baldvinsson, Berg. 17, eftir beiðni Erlendar Erlendssonar sem afsalar sjer rjetti til loðarinnar.
2. Synjað beiðni Óla Metúsalemssonar um erfðafestuland til íbúðarhussbyggingar sunnan við fiskreitina við Vatnsgeyminn.
3. Samþ. að leyfa Jóni Guðlaugssyhi, Bergþ. 53 að byggja íbúðarhús úr steinsteypu á erfðafestulandinu Kringlumýrarbl. XIII, enda hlyti hann þeim skilmálum um byggingar á erfðafestulöndum, sem settir kunna að verða.
4. Lagt fram brjef stjórnar Rafvirkjameistarafjelagsins þar sem beiðst er ásjar bæjarstjórnar vegna þess að lönsamband byggingarmanna meini löggiltum rafvirkjameisturum að vinna við iðn sína. Samþ. með 3:2 atkv. að vísa málinu til byggingarnefndar. Minnihl. óskar tekið fram að hann sjái ekki ástæðu til þess að gera ályktun út af erindinu.
5. Samþ. að fela bæjarverkfræðingi að láta rífa húsið Einholt við Hringbraut.
6. Samþ. að taka Hólmfríðarbl. I úr erfðafestu í því skyni að þar verði láttnar af hendi byggingarlóðir í nainni framtíð.
7. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 15. þ.m.
8. Lögð fram tillaga Einaris Olgeirssonar, sem vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnarinnar 15. þ.m.
9. Lögð fram tillaga Jóns A. Pjeturssonar sem vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar 15. þ.m.
10. Lagt fram brjef frá atvinnuleysisnefnd verkamannafjelagsins Dagsbrún um að fjölgað verði í atvinnutótavinnu.
11. Bæjarráðið vill ekki veita barnavinafjelaginu "Sumargjöf" rýmri rjett til þess að veðsetja lóðina við Grænuborg en fjelagið hefir samkv. samningi dags. 18. júlí 1930.
12. Lagt fram brjef frá eigendum nokkurra sælgætisbúða þar sem óskað er eftir því, að þeir fái sjerleyfi til þess að hafa opið til kl. 11 $\frac{1}{2}$  á virkum dögum og sunnudaga og selja innlent sælgæti, öl, gosdrykki og tobaksvörur.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Guðm. Ásbjörnsson.

Ejarni Benediktsson.

Jakob Möller.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Axel Pjetursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B æ j a r r á ð .  
-----

Ár 1936, föstudaginn 9. október, kl. 5. e.h., hjelt bæjar-  
ráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist :

1. Lagt fram brjef frá íbúum við Njálsgötu utan Hringbrautar þar sem þeir beiðast þess, að gatan verði gerð nú þegar. Samþ. að verða við beiðninni þegar húseigendur, sem hafa byggt þar við Njálsgötu, hafa flutt úr götustæðinu mold og aðra fyllingu sem þar var latin úr husgrunnun í heimildarleysi.
2. Beiðni nokkurra íbúa í Skildinganesi um að Njarðargata, frá Hringbraut að Reykjavíkurvegi, verði raflýst, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.
3. Skólanefnd Laugarnesskólans skorar á bæjarráð að taka upp á fjárhagsáætlun næsta árs fjárveitingu til viðbótarbyggingar við Laugarnesskólann.
4. Sama nefnd æskir þess, að bæjarsjóður kosti flutning skólabarna að og frá skólanum, þeirra sem lengst eiga að, svo sem gert hefir verið undanfarin ár. Vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.
5. Samþ. að taka tilboði Raftækjaeinkasölu ríkisins um uppsetningu á brunasímakerfi.
6. Lagt fram brjef frá stjórn Sjúkrasamlags Reykjavíkur þar sem oskað er eftir því, að bæjarstjórn taki við innheimtu vangoldinna iðgjalda til samlagsins frá og með 1. nóvbr. næstk. og fái löggiltan embættisgengan lögfræðing sem fulltrúa til þess að framkvæma lögtök hjá þeim, sem þá hafa ekki greitt.
7. Bæjarverkfræðingj heimilað að semja við Skógræktarfélag Íslands um skifti a hluta af landi fjelagsins í Fossvogi og jafnstórri skák af Digraneslandi.
8. Samþ. að gefa Boga A. J. Þórðarsyni kost á erfðafestulandi vestan við Þvottalaugabl. XXXII eftir nánari útvísun bæjarverkfræðings.
9. Lögð fram fyrirspurn Ólafs R. Ólafs, Vest. 16, um hvort bæjarráð muni telja húsnæði á Vesturgötu 16 fullnægja settum skilyrðum um veitingastofur er því hefir verið breytt samkv. teikningu er fylgdi erindinu. Bæjarráð telur að húsnæðið verði ekki fullnægjandi.
10. Samskonar fyrirspurn Bjarna Ó. Jóhannessonar viðvíkjandi húsnæði á Laugavegi 68 svarar bæjarráðið einnig á þá leið að það húsnæði verði ekki talið fullnægjandi.
11. Lagt fram brjef dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 5. þ.m. með eftirriti af brjefi ráðuneytisins til formanns skólanefndar Miðbæjarskólans, þar sem felldur er úrskurður þess efnis að skólanefnd beri að ráða mann í yfirkennarastarfið við Miðbæjar skólann.
12. Hafnað förkaupsrjetti að erfðafestulandinu Fossvogsbletti XI.
13. Beiðni Valdimars Stefánssonar, Mjóstr. 6, um styrk til þess að starfrækja húsnæðisskrifstofu synjað.

14. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um starfssemi í september svo og reikningur yfir kostnaðinn.
15. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkameann 8. þ.m.
16. Samþ að gera tillögu til bæjarstjórnar um að laun stjórnar- nefndarmanna Sjúkrasamlags Reykjavíkur verði ákveðin fyrst um sinn þannig, að formaður stjórnarinnar fái 3000 kr. árslau- en meðstjórnendur 1800 kr. árslau hver.
17. Samþ. að leggja til við bæjarstjórn að framfærslunefndarmönnu verði greidd þóknun úr bæjarsjóði 10 krónur hverjum fyrir hve- fund sem þeir sitja.
18. Lagt fram brjef frá atvinnuleysisnefnd verkamannaþjel. Dags- brun, dags. 8. þ.m. þar sem óskað er eftir því, að fjölgað verði í atvinnubótavinnu nú þegar.
19. Samþ. að fjölga í atvinnubótavinnu frá næsta fimmtudegi um 80 manns upp í 180 manns.
20. Lagt fram brjef frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, dags. 6. þ.m. ásamt brjefi lögreglustjórans í Reykjavík viðvíkjandi fjölgun lögregluþjóna hjer í bænum, undirbuningsmentun þeirra og aðbuð í starfinu.
21. Útsvarsmál: Magnús Guðmundsson.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Guðm. Eiríksson.

Jakob Möller.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Axel Pjetursson.

Bjarni Benediktsson.

B æ j a r r á ð .

Ár 1936, föstudaginn 2. okt. kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstreti 16.

Þetta gerðist :

1. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Sogabletti VII.
2. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Þvottalaugabl. XXXII.
3. Beiðni Roga A.J. Þórðarsonar um erfðafestuland vestan Þvottalaugabletts XXXII vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
4. Erindi Barnavinafjel. Sumargjöf um leyfi til þess að veðsetja leiguland við Grænuborg vísað til bæjarverkfræðings og borgarstjóra til athugunar.
5. Erindi sóknarnefndar Dómkirkjusafnaðarins þar sem farið er fram á að bæjarstjórn tli söfnuðinum lóðir undir 4 kirkjur vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
6. Bæjarráðið vill ekki mæla með skiftingu lóðarinnar nr. 13 við Hólavallagötu á þann hátt, sem Kornelíus Sigmundsson æskir eftir í brjefi dags. 1.p.m.
7. Lagt fram brjef Skógráktarfjelags Íslands þar sem farið er fram á að bæjarráð leyfi fjelaginu að skifta á nokkurri skak af land fjelagsins í Fossvogi og spildu af Digraneslandi. Frestað til athugunar.
8. Lagðar fram tillögur Óskars B. Vilhjálmssonar garðyrkjufraðings um störf garðyrkjustjóra Reykjavíkurbæjar. Samþ. að ráða Óskar sem garðyrkjuraðunaut bæjarins með 300 kr. mánaðarlaunum fyrst um sinn til nýjárs.
9. Samþ. að fela bæjarverkfræðingi að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að forstjóri og vantanlegt starfsfólk Sundhallarinnar fái nauðsynleg herbergi til afnota í húsinu.
10. Að gefnu tilefni var borgarstjóra falið að tilkynna Þjetri Hjaltsted, Sunnuhvoli, að ekki verði leyfð skifti á erfðafestulandinu Norðurmyrablett i XXX.
11. Samþ. að greiða Valdimar Jóhannssyni og Ingólfi Indriðasyni gæslumönnum 160 kr. á mánuði frá 1. p.m.
12. Samþ. að heimila borgarstjóra að greiða Brynjólfi Jónssyni baðverði í Miðbæjarskólunum 250 kr. mánaðarlaun frá 1. p.m.
13. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um atvinnulausa verkamenn 1. p.m.
14. Samþ. að ráða Bergsvein Jónsson fyrv. kaupmann fyrir húsvörð Sundhallarinnar með sömu kjörum sem húsverðir barnaskólanna njóta. Laun greiðast frá þeim tíma, sem Sundhöllin verður opnuð.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Bjarni Benediktsson.  
Jón Axel Þjetursson.

Guðm. Óddsson.  
Guðm. Ásbjörnsson.  Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B æ j a r r á ð .

Ár 1936, föstudaginn 25. september, kl. 5 síðd., hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Eftir beiðni Ottós Guðmundssonar, sem afsalar sjer leigulóðinni nr. 100 við Njálsgötu var samþykkt að gefa Guðmundi Jónssyni, Hringbraut 146, kost á lóðinni.
2. Synjað beiðni Ingólfs Guðmundssonar, Laugarnesvegi 47, um leigulóðirnar nr. 167 og 169 við Hringbraut.
3. Samþ. að leyfa Jóni Jónssyni, Vit. 16, að byggja geymsluskúr úr bárujárnri á erfðafestulandinu Kringlumýrarbl. XXV.
4. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Kringlumýrarbl. XIII.
5. Lagt fram brjef frá Knattspyrnufjelaginu "Fram" þar sem fjelagið beiðist þess, að fá leyfi til þess að nota Austurvöll fyrir skautasvæði með sama hætti og síðastl. vetur.
6. Trjesmiðafjelað Reykjavíkur æskir álits bæjarráðs um með hverju notu megi stemma stigu fyrir því að hjer í bænnum sjeu notaðir til bygginga ýmsir munir sem unnir eru utanbæjar.
7. Synjað erindi frá Sjúkrahúsráði Hvítabandsins um aðstoð bæjarins til þess að forða sjúkrahúsi fjelagsins frá sölu eftir kröfu Veðdeildarinnar.
8. Lögð fram skýrsla Ráðningarstofu Reykjavíkur/fyrir ágúst mánuð. -bæjar
9. Lagt fram brjef frá Verkamannafjelaginu Dagsbrún, dags. 21.þ.m., þar sem óskað er eftir því, að hafnar verði atvinnubætur hið fyrsta.
0. Samþ. að hefja atvinnubætur næstkomandi fimmtudag 1. október með allt að 100 verkamönnum.
1. Rætt um breytingar á reglugjörð um innheimtu vatnsskatts í Reykjavík. Jakobi Möller og Jóni A. Pjeturssyni falið að gera tillögu til bæjarstjórnar í samráði við borgarstjóra.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Jakob Möller.

Jón Axel Pjetursson.

Þjarni Benediktsson.

Guðm. Oddsson.

Guðm. Ásbjörnsson.

B æ j a r r á ð .  
-----

Ár 1936, föstudaginn 18. septbr. , kl. 5 e.h. hjelt bæjar-  
ráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist :

1. Eignendur Bræðraborgarstígs 6 ganga að tilboði bæjarráðs um kaup á eigninni fyrir kr. 6003.00. Kaupverðið greiðist úr Skipulags-  
sjoði.
2. Samþ. að gefa barnavinafjelaginu " S umargjöf" kost á Grundar-  
bletti til þess að stofna þar dagheimili fyrir börn. Jafnframt  
var bæjarverkfræðingi falið að láta rífa brunarústir þær, sem  
nú eru á landinu.
3. Helga Sigurgeirsdóttir fer fram á að bæjarráð láti gera uppfyll-  
ingu framan við tröppur á húsinu Garðastr. 17 eða afstýri þar  
slysað á annan hátt.
4. Lagt fram brjef lögreglustjórans í Reykjavík dags. 16. þ.m., þar  
sem hann leggur til að girðingin um Austurvöll verði rífin hið  
fyrsta, vegna slysað á er af henni stafar Vísað til umsagnar  
bæjarverkfræðings.
5. Lagt fram brjef lögreglustjórans í Reykjavík, dags. 14. þ.m.,  
þar sem óskað er eftir því, að hafnarsvæðið verði afgirt, þannig  
að hægt verði að loka leiðum til hafnarinnar. Vísað til hafnar-  
stjórnar.
6. Lögreglustjórinn í Reykjavík æskir þess, eftir tilmælum barna-  
verndarnefndar og í samráði við hana, að nefndinni verði fengið  
sjerstíkt húsnæði til umráða, þar sem m.a. megi koma fyrir til  
bráðabirgða börnum og unglíngum sem eru á vegum nefndarinnar.  
Vísað til borgarstjóra til athugunar.
7. Lögð fram beiðni Ísafoldarprentsmiðju um 300 kr. styrk úr bæjar-  
sjoði til þess að gefa út rit um Reykjavík, er verði aðallega  
myndir ur þænum frá fyrstu tíð til þessa dags, ásamt skýringum.  
Sam þ. með 4:1 atkv. að þæla með erindinu.
8. Lagt fram erindi Árna Ólafssonar, Óð. 28 B, um batur úr bæjar-  
sjoði. Vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.
9. Reikningur Vinnumiðlunarskrifstofunnar fyrir ágústmánuð lagður  
fram.
10. Lögð fram skýrsla um starfsemi sömu skrifstofu í ágústmánuði.
11. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta at-  
vinnulausa verkamenn 17. þ.m.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.

Jakob Möller.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Oddsson.

Jón Axel Pjetursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B æ j a r r á ð .  
-----

Ár 1936, föstudaginn, 11. september, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist :

1. Beiðni Ulrich Hansens, Lvg. 27 B, um lóð til íbúðarhúsbyggingar við Laugarnesveg vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
2. Ólafur P. Ólafsson sækir um leyfi til þess að selja kaffi, mjólk og fl. frá vagni á götum bæjarins. Bæjarráð synjar beiðninni.
3. Magnús Kristjánsson, Nönnugötu 16, sækir um meðmæli bæjarstjórnar til þess að fá veitingaleyfi. Vísað til bæjarstjórnar.
4. Lagt fram brjef dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 4. þ.m., þar sem óskað er eftir tillögum um fjölgun lögregluþjóna hjer í bænum. Vísað til bæjarstjórnar.
5. Lagt fram brjef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins dags. 27. þ.m. viðvíkjandi skipun forstöðunefndar námskeiða og vinnu atvinnulausra unglunga.

Útsvarsmál: Bjarni Guðnason, Kaupmannahöfn.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Jakob Möller.

Guðm. Oddsson.

Bjarni Benediktsson.

Jón Axel Pjetursson.

B æ j a r r á ð .  
-----

Ár 1936, föstudaginn 4. september, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Synjað beiðni V. O. Bernhöftsum leyfi til að byggja sumarbústað og fuglahús á erfðafestulandinu Þvott alaugabl. XXI.
2. Samp. að leyfa Þórarni Arnórssyni, Lauf 10, að byggja skýli vegna ræktunar á erfðafestulandinu Sogamýrarbl. XXXVI.
3. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Laugamýrarbl. XXXIII.
4. Synjað beiðni Ólafar Kristjánsdóttur, Leifsgötu 28, um lóð til garðræktar við Laugarnesveg.
5. Samp. að leigja Sigvalda Jónssyni lóðina nr. 88 við Laugarnesveg, 450 ferm. að stærð.
6. Lagt fram brjef forstjóra S. I. E. og húsameistara ríkisins f.h. Arnarhvals viðvíkjandi holræsi í Sölvhólgötu. Falið bæjarverkfræðingi til afgreiðslu.
7. Lagt fram brjef frá Boga Brynjólfssyni lögfr. f.h. Magnúsar-Guðmundssonar, Sölv. 12, viðvíkjandi kaupum á spildu af lóðinni.
8. Samp. að veita Halldóri Ólafssyni löggildingu sem rafmagnsvirkji við lágspennuveitur.
9. Eftir tillögu rafmagnsstjóra var samþykkt að taka tilboðum um byggingu spennistöðvarhúsa sem hjer segir; Frá Þóri Long, Sell. 32, hús við Kaplaskjólsvog og við Myri. Frá Ólafi Asmundssyni, Selj. 39, hús við Bravallagötu.
10. Lögð fram skýrsla frá Óskari B. Vilhjálmsyni um störf hans sem garðyrkjuráðunautur bæjarins s.l. vor og sumar.
11. Að tillögu Guðm. Ásbjörnssonar var bæjarverkfræðingi falið að athuga möguleika fyrir því að börnum í efstu bekkjum barnaskólanna verði veitt tilsögn í garðrækt næsta vetur og að vori.
12. Lagt fram brjef frá Sjúkrahúsráði Hvítabandsins þar sem farið er fram á aukinn styrk úr bæjarsjóði til þess að greiða með áfallna skuld við Veðdeild Landsbankans.
13. Lagt fram erindi Jóns Þorsteinssonar íþróttakennara þar sem hann beiðist þess að úr bæjarsjóði verði greidd fyrirfram leiga eftir húsnæði sem bærinn eða stofnanir hans munu nota í íþróttahúsi hans á komandi tímum.
14. Lögð fram skýrsla Alexanders Guðmundssonar um rannsóknir á mjólk þeirra bænda á bæjarlandinu, sem heimiluð er sala á ógerilsneyddri mjólk beint til neytenda.
15. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn í dag.
16. Lögð fram skýrsla Gagnfræðaskólans í Reykjavík skólaárið 1935-1936.
17. Samþykkt svohlj. tillaga frá Bjarna Benediktssyni:  
" Bæjarráð felur borgarstjóra að snúa sjer til Gjaldeyris og innflutningsnefnar og leiða henni fyrir sjónir, hve nauðsynlegt það er fyrir hæg bæjarsjóðsins að innflutningur byggingarefna til bæjarins verði ekki stöðv-

aður eða skertur lum of".

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Guðm. Ásbjörnsson.

Jakob Møller.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Oddsson.

Jón Axel Pjetursson.

Ár 1930, f

í skrifstofu

Samþ. að taka  
Sja spennistö

Lagt fram brjef  
5. þ.m. þar se  
frv. til laga  
Alþingi síðast

Synjað beiðni  
Skaftafellssys  
sjóð.

Synjað beiðni  
land til loöðy

Beiðni frá fje.  
verði nothæfur  
stjóra til afgj  
í því skyni, na  
þess.

Lagt fram brjef  
gratar yfir ym  
oskar þess að b

Samþ. að leyfa  
steinsteypu á

Lög fram skýrs  
vinnulausa ve

Samþ. að breyta  
leigulög og gere  
erandi erfðafes  
pjetttinn ákveðst

Lög fram skýrs  
atli.

Benediktsson.

Møller.

Bæjarráð.

Ár 1930, föstudaginn 14. ágúst kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið

fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16 .

Þetta gerðist :

1. Samþ. að taka tilboði Filippusar Guðmundssonar um byggingu 3ja spennistöðva.
2. Lagt fram brjef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, dags. 5. þ.m. þar sem óskað er eftir aliti bæjarstjórnarinnar um frv. til laga um tekjur bæjar- og sveitarfjelaga sem lá fyrir Alþingi síðastl. vetur.
3. Synjað beiðni Jóns Ivarssonar f.h. Mýrahrepps. í Austur-Skaftafellssyslu um eftirgjöf á skuldum hreppsins við bæjar-sjóð.
4. Synjað beiðni Einarssonar Sveinssonar, Grandavegi 37 B, um leigu-land til loðdýraræktar í Krossamýri.
5. Beiðni frá fjelagi íslenskra flug- og vjelamanna um að gerður verði nothæfur flugvöllur á Vatnsmýrarbl. V, vísað til borgarstjóra til afgreiðslu og heimiláð að verja allt að kr. 1000.- í því skyni, naist samkomulag um afnot landsins við leigjanda þess.
6. Lagt fram brjef frá Hannesi Jónssyni, Ásv. 65, þar sem hann kvartar yfir ymsum starfsháttum Byggingarfjelags alþýðu og óskar þess að bæjarstjórn láti málið til sín taka.
7. Samþ. að leyfa Kristjáni Benediktssyni að byggja safnþró úr steinsteypu á erfðafestulandinu Bústaðabl.III .
8. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 13. þ.m.
9. Samþ. að breyta ca. 1200 ferm. spildu úr Þormóðsstaðabl. í leigulóð og gera um loðina samning við Sigurð Ólafsson núverandi erfðafestuhafa. Endurkaupsverð fyrir erfðafestu-rjettinn ákveðst 30 aurar pr. ferm. X
10. Lögð fram skýrsla um skoðun kjallaraftúða í marz- apríl síðastl.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Bjarni Benediktsson.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jakob Möller.

Guðm. Oddsson.

Guðm. Ásbjörnsson.

B æ j a r r á ð .  
-----

Ár 1936, föstudaginn 7. ágúst kl. 5 síðdegis, hjelt bæjar-  
ráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram brjef frá Rafmagnsveitu Reykjavíkur dags. 6. þ.m. ásamt reglum um eftirlit með bræðivörum í raflögnum sem settar hafa verið skv. heimild í 14. gr. Reglugerðar nr. 61, 14. júní 1933. Samp. tillaga Rafmagnsveitunnar um að tilkynna öllum rafmagnsnotendum hjer í bænnum reglurnar skriflega.
2. Út af brjefi Rafmagnsveitunnar dags. 6. þ.m. um misnotkun löggiltra rafvirkjameistara á löggildingu sinni var rafmagnsstjóra falið að gera tillögur um hvernig framkvæmt skuli eftirlit rafmagnsvirkja með rafmagnslagningu skv. 10. grein löggildingaskilyrða fyrir rafmagnsvirkja í Reykjavík.
3. Synjað beiðni Gunnars Jónatanssonar, o.fl. um leigurjett á landi norðan Kleppsvegur að sjó fyrir austan verksmiðju h/f. Fiskimjöl.
4. Samp. að skifta, eftir tilvísun bæjarverkfræðings, frá Bústaða-bletti I ca. 1,7 ha. spildu, enda leggist spildan við erfða-  
festulandið Bústaði.  
Jafnframt hafnar bæjarráð forkaupsrjetti að spildunni.
5. Erindi Sigurðar Ólafssonar, Brú, um skiftingu á erfðafestu-landinu Þormódsstaðabl. vísað til bæjarverkfræðings til at-  
hugunar.
6. Borgarritara falið að gera tillögur að reglugjörð samkv. lög-  
um nr. 68, 23. júní þ.a. um breytingu á útsvarslögnum.
7. Lagt fram brjef frá nokkrum garðaleigendum þar sem kvartað er yfir þjófnaði ur görðunum og aðstoðar beiðst til að verjast slíku framvegis. Vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.
8. Lagt fram erindi Vald'mars Stefánssonar, Brávallagötu 4, um styrk úr bæjarsjóði til þess að stofnsetja húsnæðisskrifstofu. Erindinu synjað.
9. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Kleppsmýrarbletti  
XIII.
10. Samp. að leyfa Ingþóri Sigurbjörnssyni að byggja fuglahús úr timbri á erfðafestulandinu Sogamýrarbletti XXXV.
11. Samp. að heimila borgarstjóra að leyfa framleiðendum grænmetis-  
sálu á Vitatorgi, Káratorgi, Óðinstorgi, við norðurenda Garða-  
strætis og við Steinbryggjuna, að fengnu samþykki hafnarstjóra  
Annarsstaðar sœ torgsala ekki leyfi.
12. Samp. að leigja Karli Þórhallssyni, Vitatorgi, á erfðafestu  
landspildu við Kringlumýrarveg, eftir útvísun bæjarverkfræð-  
ings.
13. Lagðar fram umsóknir um forstöðumannsstarf við Sundhöllina.
14. Borgarstjóra falið að ræða við ríkisstjórnina um framlag úr  
ríkisjóði til atvinnuaukningar í bænnum skv. tillögu Jóns A.  
Pjeturssonar á fundi bæjarstjórnar 6. þ.m.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Guðm. Ásbjörnsson.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Bjarni Benediktsson.

Jón Axel Pjetursson.

Jakob Möller.

Ár 19

und í skrif

Lagt frá  
flutning  
synjað,  
efni frá  
þusið, a

Bæjarráð  
Baldur

Synjað

La-gt frá  
ítrekar  
dóttur,  
1935. P  
kaupum a

Lagt frá  
afmáli R  
stjóra un

Beiðni Ka  
vísað til

Samb. að  
1936 um s

Lagt frá  
farið er  
stjórnar.

Gunnar Ve  
torgsölu.

Bæjarverk  
solu græn

Lögð frá  
vinnulaus

Lagt frá  
viðvikjan

Jón Axel

Með tí  
hafist  
hve ma  
ráð að

Synjað er  
greiði, a  
Bjarklind

B æ j a r r á ð .  
-----

Ár 1936, föstudaginn 31. júlí kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram erindi Lárusar Hanssonar, Bræðr. 41, viðvíkjandi flutningi á húsi hans sem stendur í Ásvallagötu. Erindinu synjað, en samþ. með 3:2 atkv. tillaga um að lána honum efni frá sand- og grjótnami bæjarins til þess að flytja húsið, gegn veði í eigninni. Vísað til bæjarstjórnar.
2. Bæjarráð mælir ekki með skiftingu lóðarinnar nr. 22 við Baldursgötu skv. umsókn.
3. Synjað beiðni Aðalsteins Magnússonar um land í Krossamýri.
4. Lagt fram brjef frá Jóni Ásbjörnssyni hrmflm. þar sem hann ítrekar sölutilboð sitt f.h. dánarbus frá Sigríðar Þorláksdóttur, Rauðará, á Rauðarártúni I með viðauka, dags. 29. júní 1935. Þins og sakir standa getur bæjarráð ekki mælt með kaupum á nefndum erfðafestulöndum skv. tilboðunum.
5. Lagt fram brjef frá skrifstofu Útvarpsráðs viðvíkjandi 150 ára afmæli Reykjavíkur. Bæjarráð óskar eftir tillögum borgarstjóra um málið.
6. Beiðni Karls Þórhallssonar, Vitatorgi, um erfðafestuland vísað til bæjarverkfræðings til athugunar. ✓
7. Samþ. að taka tilboði Raftækjæinkasölnunnar dags. 23. júní 1936 um sölu og uppsetningu á brunasímakerfi hjér í bænum.
8. Lagt fram erindi Gustavs Kristjánssonar, Laug. 63, þar sem farið er fram á meðmæli með veitingaleyfi. Vísað til bæjarstjórnar.
9. Gunnar Vernharðsson, Laugamýrarbl. VII, sækir um leyfi til torgsölu. Vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.
10. Bæjarverkfræðingi falið að gera tillögu um stað fyrir torgsölu grænmetis og garðavaxta hið fyrsta. ✓
11. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skráða atvinnulausa verkamenn 30. þ.m.
12. Lagt fram brjef frá Vinnumiðlunarskrifstofunni dags. 28. þ.m. viðvíkjandi atvinnuleysinu í bænum.
13. Jón Axel Pjetursson bar fram svohljóðandi tillögu:

Með tilliti til þess hversu brýn nauðsyn er á því, að hafist verði handa um yms nauðsynjaverk í bænum og þess hve margir bæjarbúar eru nú atvinnulausir, samþykkir bæjarráð að fjölga nú þegar í bæjarvinnu um 50 manns.

Tillögunni vísað til bæjarstjórnar.

14. Synjað erindi oddvitans í Húsavíkurhreppinum að bæjarsjóður greiði, án urskurðar, til hreppsins hluta af útsvari Sigurðar Bjarklinds til bæjarsjóðs á yfirstandandi ári.  
Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.

Jakob Möller.  
Bjarni Benediktsson.

© Borgarskjolasafn Reykjavíkur  
Stefán Jón Stefánsson,  
Jón Axel Pjetursson.

B æ j a r r á ð .

Ár 1936, föstudaginn 24. júlí, hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni kl. 5. e.h.

Þetta gerðist :

1. Eigandur hússins nr. 6 við Bræðraborgarstíg bjóða eignina til sölu, en húsið stendur í vegi fyrir fyrirhugaðri framlengingu Ránargötu.- Málinu vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
2. Samþ. að leigja Diðriki Helgasyni múrarameistara lóðirnar nr. 163 og 165 við Hringbraut, til þess að reisa á þeim íbúðarhús.
3. Lagt fram brjef frá Hagnesi, Jónssyni, Ásvallagötu 65, viðvikjandi óprífnaði á lóðum á horni Bræðraborgarstígs og Ásvallagötu.
4. Samþ. að fela bæjarverkfræðingi að hlutast til um það, að hús Lárusar Hannssonar við Ásvallagötu verði þegar í næstu viku rífið, þar sem það stendur í fullu óleyfi á lóð bæjarins.
5. Samþ. að kaupa eignarhluta Jóhönnu Jafetsdóttur í eigninni Mýri við Nýlendugötu fyrir 1000 kr.
6. Samþ. að selja Rafmagnsveitu Reykjavíkur 128 ferm. lóð við fyrirhugaða framlengingu Bræðraborgarstígs, norðan Nýlendugötu, undir spennistöð, fyrir 768 krónur.
7. Lagt fram erindi frá Starfsmannafjelagi Reykjavíkurbæjar um að starfsmönnum bæjarstofnana verði greidd launauppbót, sem miðist við ómagaframfærslu þeirra, fyrir yfirstandandi ár. Erindinu var vísað til bæjarstjórnar.
8. Samþ. að taka tilboði Júlíusar Björnssonar um raflögn í aflstöðina við Ljósafoss, ásamt lögn í verkamannaskala.
9. Lagt fram tilboð um leigu á húsnæði til skólahalds í Lauganeshverfi frá Eiríki Magnússyni kennara.- Borgarstjóra og bæjarverkfræðingi falið að leita samninga við hann um leigu á húsnæðinu.
10. Lagt fram brjef frá lögreglustjóra um veitingastaði í bænum, ásamt skýrslu Magnúsar Eggertssonar lögregluþjóns um athugun á þeim. - Vísað til borgarstjóra til athugunar.
11. Lagðar fram áskoranir frá Jónasi Þorbergssyni o.fl. um að ákvæðum lögreglusamþykktar um hundahald hjer í bænum verði breytt.  
Út af þessu samþykkti bæjarráð svofelda ályktun:  
Bæjarráðið telur ekki sitt hlutverk að hindra, að lögreglan sjái um að lögmætum reglugerðum sje hlýtt, enda mun það ekki beita sjer fyrir því, að núgildandi reglugerð um bann við hundahaldi í bænum sje breytt.
12. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um atvinnulausamenn 23. p.m.
13. Lagðar fram skýrslur Ráðningarstofu Reykjavíkurbæjar í maí og júní.

Fleira ekki gert.  
Fundir slitið.

Pétur Halldórsson.

Jakob Möller.  
Bjarni Benediktsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur  
Guðm. Ásbjörnsson.  
Jón Axel Pietersson.

Bæjarráð.

Ár 1936, föstudaginn 17. júlí, hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni kl. 5. e.h.

Þetta gerðist:

1. Lagðir fram að nýju uppdrættir V, og V 2, ásamt nýjum uppdrætti að skipulagi á sama svæði eftir Sigurði Guðmundsson og Gunnlaug Halldórsson. - Uppdráttur V 2 samþ. með 3:1 atkv.
2. Lagt fram brjef frá Mjólkursölu nefnd viðvíkjandi dreifingarkostnaði mjólkur í barnaskólunum.
3. Samþ. að leigja Tómasi Tómassyni, Sólvöllum við Kleppsveg, lóðina nr. 110 við Njálsgötu. Jafnframt afsalar hann sjer leigurjetti að lóðinni nr. 106 við sömu götu.
4. Samþ. að leigja Þorleifi Helga Eyjólfssyni, Eiríksgötu 31, lóðirnar nr. 106 og 108 við Njálsgötu.
- X 5. Samþ. að leigja Sigríði Guðmundsdóttur, Kringlumýrarbl. 7, byggingarlóð við Laugarnesveg eftir nánari útvísun bæjarverkfræðings.
- X 6. Sá mþ. að láta Elliheimilið Grund fá 1/2 ha. land í Kringlumyri til garðræktar eftir nánari útvísun bæjarverkfræðings.
- X 7. Samþ. að gera makaskifti við Hið íslenska steinolíufjelag á 235.8 ferm. lóð við Hafnarstræti 23, og borgarstjóra heimilað að kaupa 94.7 ferm. af lóð.fjelagsins til viðbótar
- X 8. Ákveðið að leigja og auglýsa eftir skólahúsnæði í Laugarneshverfi.
9. Samþ. að mæla með því, að Jóni Axel Pjeturssyni, Kjartani Ólafssyni og Jónínu Jonatansdóttur verði veitt meðmæli með umsókn um veitingaleyfi fyrir hönd Fulltrúaráðs verkalyðsfjelaganna.
10. Samþ. að mæla með beiðni frá Oddi Guðmanni Oddssyni, Vesturgötu 37, um uppreisn æru.
11. Beiðni frá Sigurði Þorsteinssyni, Freyjugötu 11, um lán úr bæjarsjóði, vísað til framfærslunefndar.
12. Lögð fram skýrsla frá Vinnumiðlunarskrifstofunni um tölu atvinnulausra manna, og enn fremur reikningur yfir kostnað við skrifstofuna í júní mánuði.
13. Lögð fram tillaga Björns Bjarnasonar frá bæjarstjórnarfundum 16. júlí.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Jakob Möller.

Guðm. Ásbjörnsson.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Oddsson.

Jón Axel Pjetursson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B æ j a r r á ð .

---

Ár 1936, miðvikudaginn 15. júlí, hjelt bæjarráðið fund  
í skrifstofu sinni kl. 5 e.h.

1. Athugaður skipulagsuppdráttur utan Hringbrautar og gerðar  
eftirfarandi ályktanir :

Skipulagsuppdráttur utan Hringbrautar var samþykktur með  
þessum athugasemdum:

- a. Njálsgata: Samþ. að halda opnum möguleikum til þess  
að Njálsgata megi halda áfram upp eftir Rauðararholt-  
inu austan Rauðararstígs upp að torgi.
- b. Háteigsvegi skal haldið.
- c. Uppdráttur K. ( Kirkjusandur og umhverfi) ekki  
samþykktur.
- d. Verkfræðingum falið að athuga betur uppdrætti Vj og  
V 2 til samræmingar.

2. Rætt um skipulagsuppdrátt innan Hringbrautar.

Bæjarverkfræðingur, Einar Sveinsson og húsameistararnir  
Sigurður Guðmundsson og Gunnlaugur Halldórsson sátu  
fundinn.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Jakob Möller.

Guðm. Þiríksson.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Oddsson.

Jón Axel Pjetursson.

B æ j a r r á ð .

Ár 1936, föstudaginn 10. júlí, hjelt bæjarráð fund í skrifstofu sinni kl. 5 s.h.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að selja Sigríði Kornelíusdóttur og Sigmundi Kornelíussyni, Barugötu 11, lóðina nr. 13 við Hólavallagötu fyrir matsverð, samkv. skilmálum um sölu lóða bæjarsjóðs til íbúðarhúsabygginga.
2. Umsókn Aðalsteins Magnússonar, Fræmnesvegi 48, um land í Krossamýri til refaræktar. - Vísað til bæjarverkfræðings til athugunar. *freslat*
3. Umsókn Adolphs Bergssonar lögfr. um land í Krossamýri til loödyraræktar. - Vísað til bæjarverkfræðings til athugunar. *freslat*
4. Samþ. að leyfa Birni Þórðarsyni að byggja viðbót við hæsnahús úr timbri og jární á erfðafestulandinu Norðurmyrarbl. XXXIII, með sömu skilmálum sem á fundi nefndarinnar 3. ágúst 1934.
5. Lagt fram brjef rafmagnsstjóra, dags. 8. júlí síðastl., ásamt útskrift úr lögregluþingabók Reykjavíkur af prófum í tilefni af kærú á hendur Gissuri Pálssyni rafvirkja fyrir misnotkun á löggildingu sinni.
6. Lögð fram umsókn Ólafs Sigurðssonar fátækrafulltrúa um forstjórastöðuna við Sundhöllina.
7. Samþ. að veita Mæðrastyrksnefndinni 1000 króna styrk til sumardvalar handa fátækum mæðrum.
8. Erindi Ólafs P. Ögmundssonar um lán úr bæjarsjóði vísað til framfærslunefndar.
9. Skýrsla frá Vinnumiðlunarskrifstofunni um atvinnulausa menn 9. þ.m.
10. Lagt fram erindi frá Magnúsi Guðmundssyni skipasnið um að bærinn feli honum framkvæmdir, er að trjesmíði lúta, til greiðslu á bæjargjöldum hans.
11. Fellt með 2:2 atkv. að greiða barnakennara Landsspítalans dýrtíðaruppbót úr bæjarsjóði.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Jakob Möller.

Guðm. Eiríksson.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Oddsson.

Jón Axel Pjetursson.

B æ j a r r á ð .

---

Ár 1936, miðvikudaginn 8. júlí, hjelt bæjarráð fund í skrifstofu sinni kl. 5 e.h.

Lagður fram skipulagsuppdráttur utan Kringbrautar, ásamt athugasemdum húsameistaranna Sigurðar Guðmundssonar og Gunnlaugs Halldórssonar, sem sátu fundinn ásamt bæjarverkfræðingi og Einari S veinssyni byggingameistara. Ákveðið var að fjölrita umsögn yfirlitsmanna ásamt svörum bæjarverkfræðings og byggingameistara Einars Sveinssonar.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Jakob Möller.

Guðm. Ásbjörnsson.

Bjarni Benediktsson.

Jón Axel Pjetursson.

Bæjarráð.

Ár 1936, föstudaginn 3. júlí, kl. 5 e.h., hjelt bæjar-  
ráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að leyfa Jóni Jónssyni að byggja íbúðarhús úr timbri á erfðafestulandinu Kringlumyrarbletti XXV, með þeim skilyrðum, sem síðar kunna að verða sett um byggingar á erfðafestulöndum.
2. Samþ. að leigja Sigurði Arnalds land í Krossamýri undir refabú eftir nánari útvísun bæjarverkfræðings.
3. Synjað beiðni frá Jóni P. Dungal um viðbótarland í Krossamýri.
4. Samþ. að leigja Atla Eiríkssyni lóðina nr. 21 og 23 við C-götu í Norðurmyri, sem Karl Finnsson og Njáll Þórarinsson hafa afsalað sjer.
5. Lögð fram umsókn frá BjarnaGrímssyni fiskimatsmanni um forstöðumannsstarf við Sundhöllina eða annað starf þar.
6. Lagt fram brjef frá atvinnumálaráðuneytinu þar sem það lofar 5000 kr. viðbótarframlagi úr ríkissjóði fyrir vinnu fyrir unglinga við Sogsveginn í sumar.
7. Hafnað tilboði um kaup á veiðirjettindum fyrir Kaldárhöfðalandi og landinu Þúfnanesi fyrir fasteignamatsverð, enda telur bæjarráðið, að Þúfnanesið, ásamt veiðirjettindum fyrir því landi, sje eign bæjarsjóðs.
8. Synjað beiðni frá Hannesi Erlingssyni og Bótólfi Sveinssyni um leyfi til að byggja þvottahús og geymslu á erfðafestulandinu Vatnsmyrarbletti XXII.
9. Samþ. að breidd gangstjettar norðan við Hverfisgötu, milli Klapparstígs og Vatnsstígs, skuli vera 3,40 m.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Jakob Möller.

Guðm. Eiríksson.

Bjarni Benediktsson.

Jón Axel Pjetursson.

Bæjarráð.

Ár 1936, föstudaginn 20. júní, kl. 5. e. h., hjelt bæjar-  
ráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samkvæmt lögum um alþýðutryggingar ákveður bæjarráð að greiða iðgjöld til sjúkrasamlags Reykjavíkur fyrir þá þurfamenn, sem eru á fullu framfæri bæjarins og heimila fátækra stjórninni að greiða auk þess iðgjöld til sjúkrasamlagsins fyrir aðra, sem framfærslunefnd telur hagkvæmt að kaupi sjúkratryggingu þar.
2. Hálfðáni Bjarnasyni leyft að byggja peningshús úr timbri á erfðafestulandinu Kringlumýrarbl. 27.
3. Óskari B. Vilhjálmssyni leyft að byggja sumarhús úr timbri á erfðafestulandinu Fustaðabletti I.
4. Lögð fram beiðni frá stjórn Elliheimilisins um leiguland til ræktunar. - Málinu vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
5. Samp. að leigja Haraldi Bjarnasyni og Stefáni Jakobssyni lóðina nr. 42 við Hringbraut.
6. Helgi Gunnlaugsson afsalar sjer lóðinni nr. 165 við Hringbraut.
7. Lögð fram beiðni frá íbúum í nágrenni leikyallarins við Grettisgötu um strangari gæzlu á vellinum. - Málinu vísað til lögreglunnar.
8. Samp. að leiga fyrir lóð h/f. Nafta í Vatnagörðum skuli reiknuð frá 21. febr. s.l.
9. Lagðar fram umsóknir um forstöðumannsstarf við Sundhöllina frá Vigni Andrjessyni og Hirti Sandholt.
10. Lagður fram reikningur Styrktarsjóðs Verkamanna- og sjómanna-fjelaganna í Reykjavík 1935.
11. Synjað beiðni frá Lárusi Jóhannessyni um að bæjarsjóður kosti áfryjun á máli Kristjáns Bergssonar gegn bæjarsjóði.
12. Samp. að fella burtu 5% af skuld Holtamannahrepps hins forna við bæjarsjóð, enda verði 95% greidd fyrir 15. okt. n.k.
13. Lagt fram erindi frá skólastjóra Laugarnesskólans um aukið húsnæði handa skólanum.
14. Lögð fram skýrsla frá Vinnumiðlunarskrifstofunni um tölu atvinnulausra manna.
15. Útsvarsmál:  
Gunnar Kristjánsson og Karl Kristjánsson, Njálsgötu 78,  
Jóhann Axel Jóhannsson, Jón Jóhannsson, Styr. 6, Lúðvíg H.  
Kárvellsson, Þing. 22 A, Sigfús Magnússon, Hlíðardal, Sigurður  
Ágústsson, Leifsgötu 30, Snorri Halldórsson, Sæmundur Sæmunds-  
son, Njálsgötu 48, Valgeir Jónsson, Fjölnisvegi 7.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Bjarni Benediktsson.  
Jakob Möller.

Stefán Jóh. Stefánsson.  
Jón Axel Pjetursson.

Guðm. Ásbjörnsson. © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bæjarráð.

Ár 1936, föstudaginn 12. júní, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Synjað beiðni Hannesar Sveinssonar um erfðafestuland í Fossvogi.
2. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Laugarásbletti XIX.
3. Beiðni frá Hannesi Erlendssyni og Bótólfi Sveinssyni um leyfi til að byggja skur á erfðafestulandinu Vatnsmýrarbl. XXII, vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
4. Samþ. að leigja Baldri Steingrímssyni og Bárði Óla Pálssyni lóðina nr. 6 við E- götu í Norðurmyri.
5. Lagt fram brjef frá Margrjetí Arnason, Hólum í Skildinganesi, viðvíkjandi skipulagi bygginga á landi hennar og sölu lóða úr því. Bæjarráðið gerir ráð fyrir, að unt verið að gera endanlega ákvörðun um framtíðarskipulag í Skildinganeslandi áður en langt um líður, en mun hinsvegar ekki leggja til við bæjarstjórn, að bæjarsjóður kosti lagningu gatna og holræsa um lönd einstaklinga.
6. Samþ. að mæla með umsóknum Kristínar Hafliðadóttur og Ingunnar Guðmundsdóttur um styrk úr styrktarsjóði Hjálmars kaupmanns Jónssonar.
7. Lögð fram um sókn frá Frantz Hákansson um forstöðumannsstarf við Sundhöllina.
8. Lagt fram brjef frá Schröder Petersen viðvíkjandi hækkun á kauptaxta húsnámsveina.
9. Lagt fram brjef frá Carli Löve viðvíkjandi íbúð, sem hann ætlar að kaupa í verkamannabústöðunum. Málinu vísað til framfærslunefndar.
10. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um tölu atvinnulausra manna.
11. Samþ. að taka lágsta tilboði í viðbyggingu við Gasstöðina, frá Póri Long, Sellandsstíg 32, kr. 6400.00.
12. Lagt fram brjef Sveinbjarnar Jónssonar viðvíkjandi stofnun raftækjaverksmiðju, ásamt umsögn rafmagnsstjóra.
13. Synjað beiðni frá Jóni Brynjólfssyni í Vatnsholti um að bæjarsjóður leggi fram fje til húsabóta á jörðinni.
14. Synjað beiðni frá Ásgeiri P. Hraundal um leigulóð við Bustaðablett VIII.
15. Samþ. leiguskilmálar um lóð stálofnagerðarinnar við Háteigsveg. Lóðin er leigð til 75 ára og leigan ákveðin af lóðamatsnefnd á 10 ára fresti.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Jakob Möller.  
Bjarni Benediktsson.

Stefán Jón. Stefánsson.  
Jón Axel Pjetursson.

Guðm. Ásbjörnsson. Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bæjarráð.

Ár 1936, föstudaginn 5. júní, kl. 5. e.h., hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Synjað beiðni Aðalheiðar Albertsdóttur, og Þórhalls Jóhannssonar, Engjahlíð, um erfðafestuland við Suðurlandsveg.
2. Samþ. að gera lóðarleigusamning við Gísla H. Gíslason, Reykholti við Laufásveg, eftir útvísun bæjarverkfræðings. Lóðarleiga verði 5% af fasteignamat, laigutími 15 ár.
3. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Laugarásbl. VIII.
4. Samþ. leiguskilmálar fyrir land Golfklúbbs Íslands í ög við Mjóumýri.
5. Samþ. að gefa Kristjáni Kjartanssyni, Björnshúsi, kost á landspíldu við Sauðvíkurblett á Grimsstaðaholti til ræktunar, eftir útvísun bæjarverkfræðings, enda falli spíldan endurgjald laust til bæjarins þegar er hennar verður þörf til bygginga eða annara nota.
6. Samþ. að fella niður aukavatnsskatt af fiskverkunarstöðinni Álfheimar árið 1936.
7. Synjað beiðni Ragnheiðar Jónsdóttur, Hverf. 57, um lán til þess að greiða með fasteignagjald af húseign hennar.
8. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 4. þ.m.
9. Lagt fram brjef Jóhanns Jónssonar, Lvg. 126, viðvíkjandi vinnu við steinagerð. Vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
10. Lögð fram skýrsla Ráðningarstofu Reykjavíkurbæjar fyrir aprílmánuð.
11. Lagðar fram tillögur til bæjarstjórnar sem samþykktar voru á verkalyðsfundi við Miðbæjarskólann 28. f.m.
12. Synjað boði Magnúsar Guðmundssonar um að selja bæjarsjóði hluta af lóðinni nr. 12 við Sólvallagötu fyrir 3000 krónur.
13. Samþ. með 3:2 atkv. tillaga frá Bjarna Benediktssyni um að breyta nafni Alþjóðubókasafns Reykjavíkur í Bæjarbókasafn Reykjavíkur. Málið komi til atkvæða bæjarstjórnar.
14. Bæjarráðið ákveður að veita hjúkrunarfjel. Líkn 750 kr. aukastyrk til heilsuverndarstöðvar á yfirstandandi ári, með útvísun til samþykktar bæjarstjórnar á fundi í gær.
15. Eftir heimild bæjarstjórnar var samþ. að greiða Skáksambandi Íslands 700 kr. styrk ur bæjarsjóði til þess að senda flokk skákmanna á alþjóðaskákmót í Þýskalandi nú í sumar.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Guðm. Ásbjörnsson.

Jakob Möller.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Ejarni Benediktsson.

Jón Axel Pjetursson.

Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B æ j a r r á ö .

---

Ár 1936, föstudaginn 29. maí, kl. 5 e.h., hjelt bæjar-  
ráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist :

1. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Breiðholtsbletti I.
2. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Laugarásbletti III.
3. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Fossvogsbletti XI.
4. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Laugarásbl. IX.
5. Samp. að leigja Einar Sveinssyni, Öldugötu 42, lóðina nr. 30 við Solvallagötu, sem Árni Guðmundsson hefir afsalað sjer.
6. Synjað beiðni frá Þorkeli Guðmundssyni um leiguland til slagna.
7. Synjað beiðni frá Þóroddi Þóroddssyni um leiguland við Nauthólsvík o. fl.
8. Samp. að gera leigusamning um lóðina nr. 157 við Hringbraut við Steinnunni Thorlacius og Ólaf Þorsteinsson vjelstjóra.
9. Lögð fram tilkynning frá Fiskifjelagi Íslands viðvíkjandi viðgerð á kjallara húss fjelagsins við Ingólfsstræti.
10. Lagt fram brjef frá Sveinbirni Jónssyni byggingarmeistara viðvíkjandi stofnun raftækjaverksmiðju.- Malinu vísað til rafmagnsstjóra til umsaunar.
11. Synjað beiðni frá Kristjáni Jóhannssyni um lán úr bæjarsjóði.
12. Synjað beiðni frá Árna Strandberg um lán úr bæjarsjóði.
13. Lagt fram brjef frá Tryggingarstofnun ríkisins um úthlutun ellistyrks.
14. Lagðar fram umsóknir um starf við sundhöllina frá Ófeigi Jónssyni, Þorleifi Jónssyni, Sigríði Sigurjónsdóttur, og Þórði Ingimundarsyni.
15. Lögð fram beiðni frá Hjúkrunarfelaginu Líkn um 3000 kr. hækkingu á styrk til fjelagsins.- Malinu vísað til bæjarstjórnar.
16. Synjað beiðni frá aðstoðarmanni Norðfjarðarhrepps um eftirgjöf á 90% af skuld hreppsins við bæjarsjóð.
17. Lagt fram brjef frá atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu þar sem það tilkynnir um framlag úr ríkissjóði til atvinnubótavinnu unglunga í bænum.
18. Lagður fram úrskurður í fúgetarjettarmáli út af útsvari Sölusambands íslenskra fiskframleiðenda.- Samp. að áfrýja úrskurðinum.

- 19. Lögð fram tilboð í viðbyggingu við Sundlaugarnar. Samp. að taka lágsta tilboði, frá Einari Einarssyni, Smáragötu 14, fyrir kr. 12900.00.
- 20. Lagt fram brjef frá Einari Guðmundssyni, Vesturgötu 53 B, viðvirkjandi utsvári.
- 21. Lögð fram skýrsla frá V innumiðlunarskrifstofunni.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson .

Jakob Möller.

Guðm. Ásbjörnsson.

Bjarni Benediktsson.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Axel Pjetursson.

Ár 1936

Fund i skrifis

1. Hafnað fo IV.

2. Hafnað fo

3. Samp. að landspild visun þaj

4. Synjað er þatur fyr í kjallar telur að inu.

5. Þajarráð jafnháu f fyrir un sömu ski

6. Póst- og Strætisva gjaldskif Þajarráð

7. Heimilisi skeið sem

8. Vilhelm J

9. Björnsbaka etc. i Su

10. Lagt fram i Sundhöll alls ca.

11. Synjað er seld skák

12. Samp. til brautar er Halldórsson bustaði.

13. Aðalsteir til þess sumarmán

14. Olgeir E

15. Skáksamba manna fl nú i sum

B æ j a r r á ð .

Ár 1936, föstudaginn 22. maí kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Garðaholtsbletti IV.
2. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Sogabletti 7.
3. Samþ. að leigja Sigurði Kristjánssyni, Berg. 22, á erfðafestu landspildu á milli Reykjanesbrautar og Bústaðavegar eftir útvísun bæjarverkfræðings.
4. Synjað erindi Fiskifjelags Íslands um að bæjarsjóður greiði bætur fyrir eða láti gera við leka sem komið hefir í ljós í kjallara húseignar fjelagsins við Ingólfsstræti og fjelagið telur að stafi af sprengingum vegna gatnagerðar þar hjá húsinu.  
kr.
5. Bæjarráð leggur til að varið verði allt að 15,000.00, á móti jafnháu framlagi úr ríkissjóði, til þess að halda uppi vinnu fyrir unglinga við Sogsveginn nú í sumar, á sama hátt og með sömu skilyrðum og síðastl. sumar.
6. Póst- og símamálastjóri sendir til umsagnar erindi frá h.f. Strætisvagnar Reykjavíkur þar sem farið er fram á að breyta gjaldskiftistöð á leiðinni frá Reykjavík að Lækjarbotnum. Bæjarráð gerir enga ályktun út af erindinu.
7. Heimilisiðnaðarfjélag Íslands sendir skýrslu um handavinnunám-skeið sem fjelagið hefir haldið uppi síðastl. vetur.
8. Vilhelm Jakobsson sækir um stöðu við Sundhöllina.
9. Björnsbakarí sækir um leyfi til þess að selja kökur, mjólk etc. í Sundhöllinni.
10. Lagt fram brjef húsameistara ríkisins viðvíkjandi stökkborðum í Sundhöllina. Samþ. að kaupa tvö borð frá Þýskalandi verð alls ca. 766 Rm. fob.
11. Synjað erindi Ársæls Jónassonar, Vest. 33, um að honum verði seld skák af Brunnstíg undir byggingu.
12. Samþ. tillaga um skipulag á svæði milli Ásvallagötu og Hringbrautar en austan Hofsvallagötu, eftir uppdrætti Gunnlaugs Halldórssonar húsameistara. Svæðið er ætlað undir verkamanna-bústaði.
13. Aðalsteinn Halldórn kennari sækir um styrk úr bæjarsjóði til þess að halda uppi leikjastarfsemi með börnum yfir sumarmánuðina. Ályktun frestað.
14. Olgeir Eggertsson, Vest. 10, sækir um aðstoðarsótarastarf.
15. Skáksamband Íslands sækir um styrk til þess að senda 10 manna flokk á allsherjar skákþing sem halda á í Þýskalandi nú í sumar. Bæjarráðið mælir ekki með beiðninni.

- 16. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 20. þ.m.
- 17. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um starfsemina í aprílmanuði ásamt reikningi yfir kostnaðinn.

Guðm. Ásbjörnsson.

Bjarni Benediktsson.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jakob Möller.

Jón Axel Pjetursson.

Ár 1933

fund í skr

1. Samþ. á a horni ari útva

2. Samþ. m Stangave svipuðu að tala veiðiskif efri og tinabils hærri. um, verð magnsstj

3. Brunamál varaslok til þeir Samþ. að upp í 7. í bönnum

3. Margreth verði ve

4. Hjúkruna kr. 3000 at-hugun

5. Iðnaðarm útgáfu s iðnað og kaupstað

6. Þórunn S laugunum

7. Synjað h myri meg sept. 1933

8. Bæjarráð Pvergötun vegar ekl einlyftra

9. Samþ að stöðina út byggir

10. Ákveðið a

11. Samþ. að stálofnag fræðings.

12. Synjað er þess að f

Bæjarráð.

Ár 1936, föstudaginn 15. maí, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að gefa Tómasi Tómassyni, Leifsg. 21, kost á leigulóð á horni Njálsgötu og Ógerðrar Þvergötu í Norðurmyri eftir nánari útvísun bæjarverkfræðings.
2. Samþ. með 3:2 atkv. tillaga rafmagnsstjóra um að leigja Stangaveiðafjelaginu laxveiðina í Elliðaunum næsta sumar með svipuðu fyrirkomulagi og síðastl. ár, þó með þeim breytingum að tala laxa sem fluttir verða upp fyrir stíflu lækki, að veiðiskýrslur verði gefnar af hvorum hluta ána fyrir sig, efri og neðri, að nota megi ef um semst 3 stangir, miðhluta tímabilsins og hækki þá leiga þannig að dagleiga verði 40 % hærri. Vilji Stangaveiðafjellið ekki ganga að þessum samningum, verða árnar leigðar út dag og dag. skv. gjaldskrá er rafmagnsstjóri ákveður.
3. Brunamálanefnd vísar til bæjarráðs og bæjarstjórnar brjefi varaslökkviliðsstjóra um fjölgun sótara í bænnum og launahækkun til þeirra, þannig að þeir verði fluttir í 7. launaflokk. Samþ. að flytja þá 3 fasta sótara, sem nú starfa hjá bænnum upp í 7. launaflokk og ráða 3 aðstoðarmenn við sóthreinsunina í bænnum og verði kaup þeirra ákveðið síðar.
3. Margrethe Thomsen, Vest. 17, sækir um meðmæli með að henni verði veitt veitingaleyfi. Bæjarráðið mælir ekki með beiðninni.
4. Hjúkrunarfélagið Líkn sækir um aukinn styrk á þessu ári kr. 3000.00 til starfrækslu heilsuverndarstöðvar. Frestað til at-hugunar.
5. Iðnaðarmannafjellið í Reykjavík sækir um 1500 kr. styrk til útgáfu sjerstaks heftis af tímariti Iðnaðarmanna um iðju, iðnað og iðnrekendur í Reykjavík í tilefni af 150 ára afmæli kaupstaðarins.
7. Þórunn Sigurðardóttir sækir um starf við sundkennslu í Sundlaugunum nú í vor. Vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.
8. Synjað heiðni Jóns P. Dungalss um að íbúðarhús hans í Krössamyri megi vera stærra en ákveðið var á fundi bæjarráðs 27. sept. 1935.
9. Bæjarráðið samþykkir fyrir sitt leyti að við fyrirhugaðar Þvergotur í Norðurmyri megi byggja tvílyft hús, en vill hinsvegar ekki fallast á að leyfðir verði kvistir á báðum hliðum einlyftra húsa með risi.
10. Samþ. að láta byggja tjöruhreinsihús (viðbyggingu) við Gasstöðina og bæjarverkfræðingi og gasstöðvarstjóra falið að bjóða út bygginguna án grunngraftrar.
11. Ákveðið að leigja ekki sandnámur bæjarins að svo stöddu.
12. Samþ. að gefa Sveinbirni Jónssyni og, fl. kost á lóð undir stálofnagerð í Rauðararhöfði eftir nánari útvísun bæjarverkfræðings.
13. Synjað erindi Runólfs Sverrissen um ábyrgð bæjarsjóðs til þess að festa kaup á Sólheimum við Stokkseyri.

- 14. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um atvinnulausa verkamenn 14. þ.m.
- 15. Eftir tillögu lögreglustjóra var samþykkt að veita lögregluþjónunum Birni Vigfússyni og Matthíasi Sveinbjarnarsyni utanfararstyrk þann, sem veittur er lögregluþjónum á fjárhagsáætlun yfirstandani árs 1000 kr. hvorum.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Jakob Möller.

Guðm. Ásbjörnsson.

Guðm. Oddsson.

Jón Axel Pjetursson.

Guðm. Eiríksson.

Ár 193

ráðið

Hafnað f  
XIX.

Hafnað f  
XXV.

Samþ. að  
hús ur t

Synjað b

Bæjarver  
laugarna

Samþ. að  
Rauðara

Synjað b  
i Kringl

Hafnað f

Samþ. að  
Holtsgöt

Samþ. a  
festu ca  
fræðings

Erindi E  
vallagöt  
til athu  
arnefnd.

Lagt fra  
þar sem  
vjelum.

Synjað b  
föng o.f

Lögð fra  
meli með

Synjað b  
kr. lani

Lögð fra  
atvinnul

Lögð fra  
ráðs á f

Lagt fra  
löaanom

B æ j a r r á o .

---

Ár 1936, mánudaginn 11. maí, kl. 5 síðdegis, hjelt bæjar-  
ráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 10.

Þetta gerðist:

1. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Kringlumýrarbl. XIX.
2. Hafnað frokaupsrjetti að erfðafestulandinu Kringlumýrarbl. XXV.
3. Samþ. að leyfa Eiríki Hjartarsyni, Laugardal að byggja gróðurhús úr timbri og gleri á erfðafestulandinu Þvottalaugabl. XV.
4. Synjað beiðni Friðriks Bertelsens um erfðafestuland.
5. Bæjarverkfræðingi falið að bjóða út byggingu skýlis við Sundlaugarnar.
6. Samþ. að leigja h/f. Kveldúlfur hálfan eldri fiskreitinn í Rauðararhotli fyrir 2500 krónu ársleigu.
7. Synjað beiðni Jóns B. Jónssonar, Lvg. 09, um erfðafestuland í Kringlumýri.
8. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Bústaðabl. XIII.
9. Samþ. að gefa Geir Pálssyni kost á leigulóðinni nr. 34 við Holtsgötu sem Jón Guðmundsson hefir afsalað sjer.
10. Samþ. að leigja Magnúsi Brynjólfssyni, Seljavegi 13, á erfðafestu ca. 1 ha. spildu við Bústaðaveg eftir útvisun bæjarverkfræðings.
11. Erindi Eyggingarfjelags Alþýðu um skipulag á svæði vestan Hofsvallagötu en sunnan Ásvallagötu vísað til bæjarverkfræðings til athugunar. Skipulagsuppdrátturinn leggist fyrir byggingarnefnd.
12. Lagt fram brjef frá Guðmundi S. Guðmundssyni, Skólav. st. 12, þar sem hann býst til að leigja sandnamubæjarins með vinnuvjelum.
13. Synjað beiðni Benedikts Elfar um leyfi til þess að selja leikföng o.fl. frá vagni á Lækjartorgi.
14. Lögð fram beiðni Herdísar Eiríksdóttur, Leifsgötu 9, um meðmæli með veitingaleyfi.
15. Synjað beiðni Sigurðar Íshólm, Óð. 14 A, um ábyrgð fyrir 500 kr. láni til þess að leggja í kaup á m.b. Diddó.
16. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 7. þ.m.
17. Lögð fram tillaga Björns Þjarnarsonar, er vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar 7. þ.m.
18. Lagt fram brjef rafmagnsstjórans viðvíkjandi laxveiði í Elliðaánnum ásamt umsögn Palma Hannessonar rektors um málið.

ákvörðun um leigu áanna í sumar frestað til næsta fundar.

19. Bæjarverkfræðingur skýrði frá tilboðum sem borist hafa um sölu á borvjel með tilheyrandi til borunar eftir heitu vatni. Samp. að taka tilboði frá Alfr. Wirth & Co, Erkelenz og bæjarverkfræðingi falið að annast um kaupin.

20. Lagðar fram áskoranir frá 7489 bæjarbúum um að hraðað verði undirbúningi hitaveitunnar sem mest má verða, svo að hafist verði handa um framkvæmdir þegar á komandi sumri.

21. Borgarstjóra falið að leigja sundlaug Austurbæjar-skólans til sundkennslu í sumar, sömu kennurum sem kenndu þar síðastl. sumar.

Fleira gerðist ekki .

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Guðm. Ásbjörnsson.

Guðm. Oddsson.

Bjarni Benediktsson.

Jón Axel Pjetursson.

Jakob Möller.

Ár 19

fund

1. Hafnað  
XXXI.

2. Hafnað

3. Hafnað  
XXXVI.

4. Synjað  
erícafe

5. Lögð fr  
festula

6. Umsókn  
Kaplask

7. Samp. a  
veituna  
til Sví  
meðan á

8. Synjað  
eftir B

9. Sampykk  
Gelding  
leigu u  
á ari.

10. Verkame  
leigu.

1. Samp. a  
utitröp  
og nýja

2. Synjað  
upp og

3. Samp. a  
um vio  
og með

4. Synjað  
tobaks  
fjörð.

5. Lögð fr  
barnahe

6. Lögð fr  
þ.m. um  
bajarin

B æ j a r r á ð .

Ár 1936, mánudaginn 4. maí, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist :

1. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Fossvogsbletti XXXI.
2. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Sogabletti 16.
3. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Fossvogsbletti XXXVI.
4. Synjað beiðni Hjörleifs Guðbrandssonar, Grettisgötu 20, um erfðafestuland við Vatnsmýrarbl. XVII.
5. Lögð fram beiðni frá Jóni B. Jónssyni, Laugavegi 69, um erfðafestuland í Kringlumýri. Trestað til athugunar.
6. Umsókn Gunnlaugs Eyjólfssonar, Lvg. 33 B, um byggingarlóð í Kaplaskjöli vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
7. Samþ. að Sogsvirkjunin veiti tveimur vjelstjórum við Rafmagnsveituna utanfararstyrk, 700 krónur hvorum, til þess að fara til Svíþjóðar nú í vor til dvalar í verksmiðjum A.S.E.A. á meðan á samsetningu aðalvjelanna til Sogsvirkjunarinnar stendur.
8. Synjað erindi Lárusa r Björnssonar, Fjöln. 20, um að leiga eftir Briemsfjós og Vatnsmýrarbl. V og VIII verði lækkuð.
9. Samþykkt að leigja hestamannafjelaginu Fákur beitarlöndin Geldinganes, Ártun og Breiðholt, er fjelagið hefir haft á leigu undanfarin ár fyrir sömu leigu sem áður, kr. 800.00 á ári. Synjað beiðni um að leigan verði lækkuð.
10. Verkamenn við sandnám bæjarins skja þess að fá sandnámuna á leigu. Falið bæjarverkfræðingi til umsagnar.
11. Samþ. að greiða allt að þriðjung kostnaðar við breytingu á útitröppum með handriði Listasafnshúss Einarssonar svo og nýja girðingu á norðurmerkum lóðarinnar.
12. Synjað erindi Tómasar Pjeturssonar um leyfi til þess að setja upp og starfrækja fólksvog í Sundhöllinni.
13. Samþ. að fela Helgu Arngrímsdóttur umsjón með barnaleikvellinum um við Grettisgötu frá 15. þ.m. til septbr. loka á sama hátt og með sömu kjörum sem undanfarrið.
14. Synjað beiðni Jóhanns Karlssonar um leyfi til þess að hafa tobaks og sölgetissölu við vantanlegan sundskála við Skerjafjörð.
15. Lögð fram beiðni Þuríðar Sigurðardóttur um 600 kr. styrk til barnaheimilisins Vorblómið. Samþ. að mæla með beiðninni.
16. Lögð fram ályktun sem samþykkt var á fundi Bandalags kvenna 16. þ.m. um að skipaðar verði 3 konur hið ~~fastu~~ í lögreglulið bæjarins.

17. Útsvarsmál.

Árni Ingólfsson, Leifsgötu 5, Dagur Hannesson, Rán. 12, Bjarni Kolbeinsson, Melavöllum, Dýrunn Jónsdóttir, Hafn. 9, Einar Eiríksson, Soleyjargötu 5, Haraldur Eggertsson, Lækj. 12 B, Gunnar Þors-teinsson, Vífilstöðum, Ingvar Ág. Bjarnason, Berg. 52, Kristín Þorberg, Lauf. 24, Guðlaugur V. Þorsteinson, Bar. 41, Markús Ísleifsson, Sólv. 35, Magnús Magnússon, Laugæv. 136, Marteinn Markússon, Grund, 2 A, Sigurður Guðmundsson, Hringbr. 186, Steingr. Oddsson, Tryggvagötu 6, Sigurgeir Albertsson, Seljavegi 27, Sveinbjörn Sæmundsson, Holtsgötu 10.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Jakob Möller.

Guðm. Oddsson.

Bjarni Benediktsson.

Jón Axel Pjéttursson.

Guðm. Ásbjörnsson.

Ár 193

fund í skr

- 1. Tekið fy gjaldi e erriðafes
- 2. Hafnað f
- 3. Hafnað f
- 4. Iðnaðarm samþykkt
- 5. Samp. að regluger
- 6. Sigurjón sælgeti
- 7. Lagt fra þar sem í 6. lau
- 8. La-göar fjelagin
- 9. Lögð fra marz.
- 10. Lögð fra marzmannu

- Lögð fra vinnulau
- 2. Borgarst fátækras
- 3. Samp. að
- 4. Katrín J
- 5. Samp. að enda, se er um að
- 6. Samp. að kr. 73

Bjarni Bened

Jakob Möller

Bæjarráð.

Ár 1936, föstudaginn 24. apríl, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist :

1. Tekið fyrir erindi búenda í Sogamýri um lækun á erfðafestugjaldi eftir löndin Sogamýri I - XV og komu á fundinn fulltrúar erfðafestuhafanna.
2. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Sogamýrarbl. XXI.
3. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Kleppsmýrarbl. III.
4. Iðnaðarmannafjelagið í Reykjavík tilkynnir ályktun, sem var samþykkt á fundi í fjelaginu 22. þ.m., viðvíkjandi hitaveitunni.
5. Samþ. að skora á lögreglustjóra að láta framfylgja lögum og reglugerðum um hundahald í Reykjavík.
6. Sigurjón Danívalsson, Bjarg. 7, sækir um leyfi til þess að selja sælgæti í Sundhöllinni.
7. Lagt fram brjef frá Lögreglufjelagi Reykjavíkur, da-gs. 16. þ.m. þar sem farið er fram á að laun lögregluþjóna verði hækkuð upp í 6. launaflokk en greiðsla fyrir aukavinnu falli niður.
8. La-gðar fram tillögur sem voru samþykktar á fundi í Verkamanna-fjelaginu Dagsbrún 19. apríl.
9. Lögð fram skýrsla Ráðningarskrifstofu Reykjavíkurbæjar fyrir marz.
10. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar í Reykjavík fyrir marz mánuð svo og reikningar yfir kostnað í þeim mánuði.
11. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 22. þ.m.
12. Borgarstjóra heimilað að semja við Ölfushrepp um gjaldfrest á fátækraskuld hreppsins við bæjarsjóð.
13. Samþ. að starfrækja í sumár sjúkradeild Laugarnesskólans.
14. Katrín Jónsdóttir sækir um kennslu í sundi.
15. Samþ. að fella niður útsvör 1935 alls kr. 17576.00, 726 gjaldenda, sem gert hefir verið hjá árangurslaust lögtak eða víst er um að geta ekki greitt af öðrum orsökum.
16. Samþ. að fella úr eftirstöðvum útsvör 2308 gjaldenda alls kr. 73,175.17.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Oddsson.

Jakob Möller.

Jón Axel Pjetursson.

Guðm. Ásbjörnsson.

B æ j a r r á ð .

Ár 1936, mánudaginn 20. apríl, kl. 5 síðdegis, hjelt bæjar-  
ráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að gefa Ottó Guðmundssyni, Laugavegi 134, kost á leigu-  
lóðimi nr. 100 við Njálsgötu.
2. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Sogabletti IX.
3. Beiðni frá erfðafestuhöfum Sogabletts 44 og 45 um endurbætur á  
vegum að löndum þeirra vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
4. Lögð fram mótmeili Barnaverndarnefndar gegn því, að hestamanna-  
fjelagið Fákur fái land til afnota fyrir skeiðvöll í Kringlu-  
myri.
5. Lagt fram brjef frá háskólaráði, þar sem þakkað er fyrir lóð  
undir fyrirhugaða byggingu háskólans.
6. Beiðni frá Magnúsi Brynjólfssyni, Seljavegi 13, um erfðafestu-  
land í Fossvogi, vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.
7. Samþ. að leigja golfklúbbi Íslands land til golfleika á Bústaða-  
hálsi eftir nánari útvísun, samkv. samningi, er síðar verður lagður  
fyrir bæjarráð.
8. Synjað beiðni frá Jóni B. Jónssyni um erfðafestuland í Mjóu-  
myri.
9. Synjað beiðni frá hestamannafjelaginu Faki um leiguland í Kringlu-  
myri undir skeiðvöll.
10. Samþ. að ráða Óskar B. Vilhjálmsson garðyrkjufraeðing, Lindar-  
götu 1 B, til þess að leiðbeina við garðyrkju í bænum í vor, sumar  
og haust eftir nánari samningi.
11. Samþ. að heimila borgarstjóra að taka af Norðurmýrarbletti XXX  
þann hluta, sem óræktaður er.
12. Lögð fram skrá frá rafmagnsstjóra yfir löggilt efni til rafmagne-  
lagna í bænum.
13. Borgarstjóri skýrði frá, að ríkissjóður mundi hætta starfrækslu  
Söttvarnahussins innanskamms. Út af þessu samþykkti bæjarráðið  
að heimila borgarstjóra að gera nauðsynlegar ráðstafanir vegna  
þessa.
14. Lögð fram umsókn frá Þorleifi B. Þorgrímssyni, Túngötu 32, um  
starf við sundhöllina.
15. Synjað beiðni frá Stefáni R. Sveinssyni, Kirkjustræti 8 B, um  
meðmæli með vietingaleyfi.
16. Lagður fram reikningur sjúkrasjóðs hins íslenska Kvennfjelags  
1935.
17. Lagður fram reikningur yfir saumanámskeið Heimilisiðnaðarfjelags  
Íslands 9. jan. - 8. marz 1936.

18. Synjað beiðni frá Gesti Guðmundssyni og Sigurði Íshólmi um ábyrgð á lani til bátakaupa.
19. Lögð fram árskýrsla Alþýðubókasafns Reykjavíkur árið 1935.
20. Lagt fram brjef frá bókaverði Alþýðubókasafnsins um aukið húsnæði fyrir safnið. Borgarstjóra falið málið til afgreiðslu.
21. Synjað beiðni frá oddvita Gerðahrepps um eftirgjöf á 70% af skuld hreppsins.
22. Lögð fram skýrsla frá vinnumiðlunarskrifstofunni um tölu atvinnulausra manna.
23. Lagt fram brjef frá Frímanni Einæssyni, sem framfærslunefnd hafði vísað til bæjarraðs, - Samþ. með 3:2 atkv. að fela Guðmundi R. Oddssyni, í samráði við borgarstjóra, að ráðstafa Frímanni og fjölskyldu hans út úr bænum.
24. Lagðar fram tillögur Einarssonar frá bæjarstjórnarfund 16. apríl.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Guðm. Ásbjörnsson.

Jón Axel Pjetursson.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Oddsson.

Jakob Möller.

Ár 1936, þriðjudaginn 14. apríl, kl. 5 síðdegis, hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist :

1. Samþ. að gefa Diðriki Helgasyni, Hávallagötu 44, post á leigulóðinni nr. 48 við Sellandsstíg til iðnreksturs.
2. Lagt fram brjef frá stjórn Jarðræktarfélagis Reykjavíkur viðvíkjandi nokkrum breytingum sem félagið óskar eftir að gerðar verði á erfðafestuskilmálum.
3. Lögð fram umsókn rafmagnsstjórans um tilmæli vegamálastjóra um að lagt verði fje úr bæjarsjóði eða frá Sogsvirkjun til framhala vegagerðar upp með Þingvallavatni að austanverðu. Bæjarráðið leggur til að bæjarstjórn gefi fyrirheit um framlag úr bæjarsjóði til fyrirhugaðrar vegalagningar upp með austanverðu Þingvallavatni, fjórðung af áætluðum kostnaði 150 þús krunum, og verði framlagið endurgreitt af Sogsvirkjun síðar þegar fje verður fyrir hendi.
4. Samþ. að greiða gegn afsali fyrir svonefndu Nauthólsvíkurbandi kr. 77,734.75, enda falli þá niður kröfur aðila, annarsvegar um vexti af matsverðinu, en hinsvegar um útsvör og fasteignagjöld. Þessi tillaga til bæjarstjórnar var samþykkt með 3:1 atkv.
5. Út af brjefi skólanefndar, dags. 8. þ.m., viðvíkjandi þöknun til skólalækna, samþykkti bæjarráðið að halda við fyrri ákvörðun um að kaupið skuli ákveðið kr. 2.00 fyrir hvert barn og starfsmenn skólanna.
6. Eftir tillögu skólanefndar var samþykkt að heimila húsnæði í Austurbæjarskólanum til þess að halda þar námskeið fyrir kennara á komandi vori.  
Sömu leiðis samþykkt að veita 300 kr. styrk til námskeiðsins.
7. Lögð fram útskrift af fundargerð heilbrigðisnefndar 4. þ.m.
8. Mælt með því að veita Búnaðarsambandi Kjalarnespings 300 kr. styrk úr bæjarsjóði á yfirstandandi ári.
9. Friðjón Guðbjörnsson sækir um starf við Sundhöllina.
10. Lögð fram umsókn Einars Sigurðssonar, Spítalastíg 6, áður starfsmanns við götuhreinsunina, um lífeyri. Tillaga um að veita honum 900 kr. árlegan lífeyri felld með 3:2 atkv.
11. Samþ. að gefa Páli Jónssyni leyfi til þess að taka 1000 kr. lán hjá Landsbankanum með 2. veðrjetti í Haðarstíg 16.
12. Lagðar fram tillögur er samþykktar voru á fundi í K-R húsinu 5. þ.m.
13. Synjað erindi frá oddvita Ölfushrepps um eftirgjöf á ca. þriðjungi af skuld hreppsins við bæjarsjóð vegna fátækraframfaris.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Jakob Möller.  
Bjarni Benediktsson.

Jón Axel Pétursson.  
Guðm. Oddsson.

Guðm. Ásbjörnsson.

B æ j a r r á ð .

Ár 1936, föstudaginn 3. apríl, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Kirkjumyrarbl.VIII.
2. Samþ. að heimila borgarstjóra að leigja Húsmæðrafjelagi Reykjavíkur efri veiðimannahúsin við Elliðaárnar fyrir sumarbústað nú á sumri komandi.
3. Samþ. að gefa Ingvari Vilhjálmssyni, Ásvallagötu 34, kost á leigulóðinni nr. 34 við Sólvallagötu, er Gísli Sigurðsson hefir afsalað tilkalli til.
4. Samþ. að gefa Þorleifi H. Eyjólfssyni, Tjarn. 39, kost á leigulóðunum nr. 102 og 104 við Njálsgötu.
5. Samþ. að gefa Bjarna Sigurðssyni, Eiríksgötu 23, kost á leigulóðinni nr. 98 við Njálsgötu.
6. Samþ. leiguskilmálar um land, sem leigt hefir verið Guðjóni Þjeturssyni og Lárusi Ottesen til fiskherðingar vestan til við fiskverkunarstöð h/f. Defensor. Leigutíminn ákveðinn 25 ár.
7. Samþ. að gefa Gísla Gíslasyni, Suðurlandsvegi 1, kost á ca. 2 ha. landi til refaræktar í Krossamýri eftir útvísun bæjarverkfræðings og ákvörðun um leigumála síðar.
8. Samþ. að fela borgarstjóra að auglýsa til leigu fiskreitum bæjarins í Rauðararholti yfirstandandi ár.
9. Lagt fram brjef frá Sambandi Íslenskra samvinnufjelaga, dags. 31. f.m. þar sem farið er fram á að bæjarsjóður greiði Sambandinu kostnað sem það hafði á sínum tíma af vatns- og skólpsleiðslu að húsi þess við Sölvhólsgötu. Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.
10. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn í dag.
11. Signundur Guðmundsson, Stýr. 9, sækir um leyfi til sundkennslu í Austurbæjar skólanum á komandi sumri.
12. Lagt fram brjef vegamálastjóra dags. í dag viðvíkjandi framla gi úr bæjarsjóði eða frá Sogsvirkjun til framhalds veggerðar upp með Þingvallavatni austan verðu. Falið rafmagnsstjóra til umsagnar.
13. Lagðar fram tillögur Einarssonar frá bæjarstjórnarfundum í gær.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Þétur Halldórsson.

Bjarni Benediktsson.

Jón Axel Þétursson.

Guðm. Eiríksson.

Jakob Möller.

Guðm. Oddsson.

B æ j a r r á ö .

Ár 1936, föstudaginn 27. marz, kl. 5 síðdegis, hjelt bæjar-  
ráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist;

1. Beiðni Gísla Gíslasonar, Suðurlandsvegi 1, um land til loð-  
dýraræktar vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
2. Lagt fram brjef frá hússtjórn Goðtemplarahússins dags. 21.  
þ.m. þar sem farið er fram á að bæjarstjórnin fái reglunni  
byggingarloð sunnan Vonarstrætis, væntanlega uppfyllingu  
milli " K.R." hússins og " Tönó ". Frestað til athugunar.
3. Húsmeðrafjelag Reykjavíkur sækir um land undir sumarbústað  
í nágrenni bæjarins. Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.
4. Erindi Golfklubbs Íslands um leigu á landi til golfbrautar  
í Mjóumýri vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
5. Samþ. að taka erfðafestulöndin Sogamyrrarbletti XLVIII, XLIX  
og L úr erfðafestuleigu og fá þau fiskimálanefnd til umráða  
undir fisktrönur.
6. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulöndinu Vatnsmýrarbl. XXII  
með Ereiðholti.
7. Dýraverndunarfjelag Íslands býður forkaupsrjett að erfðafestu-  
landinu Kirkjumýrarbl. VIII. Falið bæjarverkfræðingi til  
athugunar.
8. Lagt fram brjef frá stjórn Í.S.Í. viðvíkjandi kaupum bæjar-  
ins á Mautholsvíkurlandi.
9. Lögð fram beiðni Sigurbergs Elíssonar um að bæjarstjórn  
veiti honum sjerleyfi til fólksflutninga á leiðinni Reykjavík  
- Kleppur. Vísað til strætisvagnanefndar til athugunar.
10. Lögð fram umsókn Sigvalda Jónssonar um leyfi til að hafa  
veitingatjald á Mautholsvíkurlandi næsta sumar. Erindinu  
synjað.
11. Lögð fram umsókn Vignis Andrjessona r og Júlíusar Magnússonar  
um afnot af sundlaug Austurbæjarskólans næsta sumar.
12. Lögð fram umsókn Búnaðarsambands-Kjalarnespings um 300 kr.  
styrk úr bæjarsjóði. Ákveðið að leita umsagnar stjórnar Jarð-  
ræktarfundelags Reykjavíkur.
13. Lagt fram brjef frá stjórn Verkamannafjelagsins " Dagsbrún"  
þar sem tilkynnt er um tillögur sem voru samþykktar á fundi  
fjelagsins 22. þ.m.
14. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar í Reykjavík um  
skrásetta atvinnulausa verkamenn í da g.
15. Synjað beiðni Sigurðar Íshólms og Gests Guðmundssonar um  
ábyrgð fyrir 2000 kr. víxilláni til þess að festa kaup á vjel-  
bati.
16. Lagður fram reikningsjöfnuður Sogsvirkjunar þr. 29. febrúar.
17. Lagt fram brjef oddvitans í Rangarvallahreppi viðvíkjandi  
skuld hreppsins við bæjarsjóð. Falið borgarstjóra til afgr.
18. Felld með 3:2 atkv. tillaga Jóns A. Pjeturssonar um að leiga  
fyrir kálgarða 400 ferm. að stærð verði ákveðin 10 kr. árið  
1936 og tilsvarendi fyrir minni garða.
19. Svohljóðandi tillaga frá Jóni A. Pjeturssyni samþykkt með  
samhlj. atkv.:  
" Bæjarráð samþykkir að fela bæjarverkfræðingi og  
húsameistara bæjarins að athuga nú þegar um heppilegan stað  
undir skólabyggingu fyrir Skildinganes- og Grímsstaðaholt  
og hefja undirbúning að teikningu að skólanum!"
20. Útsvarsmál:

Kristinn Magnússon, Gísli Ólafsson, bakarar.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Jakob Möller.  
Jón Ólafsson.

Guðm. Oddsson.  
Guðm. Biríksson. Jón A. Pjetursson.

Bæjarráð

Ár 1936, föstudaginn 20. marz, kl. 5 síðdegis, hjelt bæjar-  
ráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að leyfa Chr. Mortensen að byggja gróðrarhús úr timbri á erfðafestulandinu Kringlumýrarbl. XIX.
2. Samþ. að leyfa Hálfðani Bjarnasyni, Hafnarsmiðjunni, að byggja íbúðarhús úr steinsteypu á erfðafestulandinu Kringlumýrarbletti XXVII, enda hlýti hann skilmálum, sem settir kunna að verða um byggingar á erfðafestulöndum.
3. Samþ. að gefa Ólafi Guðmundssyni, Hringbr. 32, kost á leigulóðinni Njálsgötu 96.
4. Lögð fram umsókn Lárusar Sigurbjörnssonar um leigu á Grundarbletti næsta sumar.
5. Samþ. að leigja Birni Jónssyni, Bræðr. 37, Grundarblett til slagna en Lárusi Sigurbjörnssyni kálgarðinn við Grund.
6. Fiskimálanefnd sækir um ca. 4 ha. land undir fiskhjalla, endurgjaldslaust til 10 ára. Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.
7. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Sogabletti 2.
8. Lögð fram ályktun frá fundi Arkitektafjelags Íslands 12. þ.m.
9. Lagt fram brjef frá Verkstjórafjelagi Reykjavíkur dags. 12. marz þar sem farið er fram á að í þjónustu bæjarins verði ekki teknir aðrir verkstjórar en þeir sem eru fjelagsmenn í nefndu fjelagi.
10. Samþ. að greiða Guðna Eyjólfssyni yfirkyndara í Gasstöðinni persónulega launaupptöt, þannig að hann taki frá síðustu áramótum kr. 4900.00 árslaun. Feld með 3:2 atkv. tillaga um að greiða honum 440 króna mánaðarlaun.
11. Samþ. að leigja stjórnmalafjelögum Verði og Heimdalli land fyrir skemmtistað við Eiði í Mosfellssveit, eftir nánari ákvörðun síðar og samkomulagi við ábúanda Gufuness.
12. Stefán Jónsson, Ránarg. 36, sækir um umsónarmannsstörf við S undhöllina.
13. Erindi afengisvarnarnefndar um lokunartíma veitingastaðarins "Barinn" lagt fram og ákveðið að óska eftir umsögn lög-reglustjóra um erindið.
14. Lagt fram brjef sjávarutvegsnefndar neðri-deildar þar sem óskað er eftir umsögn bæjarstjórna um frv. til laga um útgerð ríkis og bæja, sem nú liggur fyrir Alþingi.
15. Lögð fram tillaga Jóns A. Pjeturssonar frá bæjarstjórnarfundi 19. þ.m.
16. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 19. þ.m.
17. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar fyrir febrúarmanuð ásamt reikningi yfir kostnað við skrifstofuna þann mánuð.
18. Lagt fram brjef dóms- og kirkjumálaráðuneytisins dags. 10. þ.m. viðvíkjandi fjölgun lögregluþjóna hér í bænum. Borgarstjóra falið að ræða málið við ríkisstjórnina.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Jakob Möller.  
Guðm. Oddsson.

Jón Ólafsson.  
Jón Axel Pétursson. Guðm. Eiríksson.  
© Borgarskiptasafn Reykjavíkur

Bæjarráð.

Ár 1936, föstudaginn 13. marz, kl. 5 e.h., hjelt bæjar-  
ráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram brjef rafmagnsstjórans viðvíkjandi laxveiði í Elliða-  
ánum sumarið 1936 ásamt umsókn "Stangaveiðafélagsins" um leigu  
á veiðirjettinum með líku fyrirkomulagi og síðastl. ár.  
Málinu frestað til athugunar.
2. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Laugarásbletti XI.
3. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Breiðholtsbletti I.
4. Samp. að leyfa Eiríki Þorsteinssyni, Brunnstíg 10, að byggja  
sumarbústað úr timbri á erfðafestulandinu Sogamýrarbl. XLIV,  
enda hlýti hann skilmálum sem settir kunna að verða um byggingar  
á erfðafestulöndum.
5. Beiðni Jóns B. Jónssonar, Lvg. 69, um erfðafestuland í Mjóumyri  
vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
6. Ágúst Jónsson, Hlíðarenda við Kleppsveg, sækir um erfðafestuland  
í stað þess lands, sem hann missir undir olíugeyma h/f. Nafta.
7. Svohljóðandi tillaga gerð til bæjarstjórnar:  
"Bæjarstjórn felur heilbrigðisnefnd að láta nú þegar  
rannsakæ húsnaði veitinga- og greiðasölustaða hjer  
í bænum og sjá um að lokað verði þegar í stað þar sem  
húsnaði er ekki hæft að dómi nefndarinnar, en bæjar-  
stjórninni send skrá um aðra staði og lýsing á húsnað-  
inu. Taki bæjarstjórn síðan ákvörðun um hvort veiting  
og greiðasala skuli leyfð á þessum stöðum skv. 77. gr.  
lögreglusamþykktarinnar."
8. Samp. að leggja svohljóðandi tillögu fyrir bæjarstjórn:  
"Þar sem kvartanir herast um að veitinga- og greiðasölu  
staðir hjer í bænum muni selja óleyfilega ymsan varnir  
úr hushi, sjerstaklega eftir lokunartíma sölubúða, skor  
bæjarstjórnin á lögreglustjóra að láta hafa nákvæmt  
eftirlit með því að gildandi lagafyrirmáli sjer ekki  
brotin í þessu efni".
9. Samp. að fela skólanefnd að semja við skólalæknana um framkvæmd  
læknisskoðunar á skólabörnum og setja þeim starfsbrjef. Heimilað  
að greiða læknunum kr. 2.00 fyrir hvert skólabarn á ári.
10. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta at-  
vinnulauda verkamenn nú í dag.
11. Lögð fram skýrsla Ráðningarskrifstofu Reykjavíkurbæjar fyrir  
febrúarmánuð.
12. Samp. að kaupa svonefnda Vigfúsarkotslóð við Garðastræti fyrir  
allt að kr. 13500.00 í skiftum fyrir lóðina nr. 44 við Garðastræti  
Borgarstjóra falið málið til afgreiðslu.
13. Útsvarsmál:

Guðm. Þórarinnsson, Öld. 47, Theódór Jónsson, Lind. 38,  
Snorri Halldórsson, Lind. 38, Pjetur Kristjánsson, Lvg.  
Jón G. Nikulásson, Lok. 3 Guðfinna Sæmundsdóttir db.  
Loftur Þorsteinsson, Mjóstr. 10, Sælgætis- og efnagerðir  
Freyja, Magnús Þorsteinsson, Lind. 4, Stefán Stephensen,  
Bjark. 4.

Fleira gerðist ekki.  
Fundir slitið.

Pétur Halldórsson.

Jakob Möller.  
Jón. Ólafsson.

Guðm. Eiríksson.  
Jón Axel Pjetursson.

Guðm. Oddsson.  
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bæjarráðið.

Ár 1936, þriðjudaginn 10. marz, hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16. Fundurinn hófst kl. 5 síðdegis.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram brjef rafmagnsstjórans f.h. Sogsvirkjunar ásamt brjefum Berdals verkfræðings í Oslo til bæjarráðsins og A/S. Helsingors Jernskibs- og Maskinbyggeri til verkfræðingsins viðvíkjandi vinnustöðvun (Lock-out) í Danmörku, er geti orðið til þess að stíflulokur o. þ.h., sem firmað á að smíða fyrir Sogsvirkjunina, verði síðbúnara en ella.
2. Lagt fram brjef rafmagnsstjórans f.h. Sogsvirkjunar ásamt brjefi frá A/S. Højgaard & Schultz, dags. 7. þ.m., þar sem tilkynnt er að verkfall hafi verið hafið við virkjun Sogsins þann dag kl. 3 e.h. Ennfremur lögð fram nokkur skjöl viðvíkjandi því máli. Áskilur verktaki Sogsvirkjunar, A/S. Højgaard & Schultz, sjer allan rjett skv. verksamningnum vegna verkfallsins. Samþykkt að tilkynna A/S. Højgaard & Schultz að bæjarráðið viðurkenni ekki að þetta verkfall gefi verktaka rjett til framlengingar á samningstíma og ennfremur að bæjarráðið áskilji sjer allan rjett samkv. samningi.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Guðm. Oddsson.

Guðm. Eiríksson.

Jón Axel Pjetursson.

Jón. Ólafsson.

Jakob Möller.

B æ j a r r á ð

kl. 5 síðdegis  
Ár 1936, föstudaginn 6. marz/hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Petta gerðist:

1. Synjað erindi Lárusar Björnssonar, Fjöln. 20, um að leiga eftir Briemsfjós og Vatnsmýrarbl. V og VIII verði lækkuð.
2. Beiðni Ulrik Hansen um leigulóð við Sellandsstíg vísað til bæjarverkfræðings til afgræiðslu..
3. Synjað erindi Hannesar Jónssonar, Ásv. 65, um erfðafestuland.
4. Synjað beiðni Rag nheiðar Loftsdóttur um að sjerstakar ráðstafanir verði gerðar til framræslu erfðafestulandsins Fossvogsb. XI.
5. Samp. að leyfa Alexander Guðmundssyni að byggja gripahús'ur steinsteypu á erfðafestulandinu Þvottalaugabl. XXXI.
6. Samp. að leyfa Kristjání Þorgrímssyni, Laugarnesvegi 58, að byggja íbúðarhús (kjallara ur steinsteypu og hæð úr timbri) á erfðafestulandinu Laugamýrarbl. XXXIII, enda hlýti hann skilmálum sem settir kunna að verða um byggingu á erfðafestulöndum.
7. Ákveðið að leigja ekki að svo stöddu lóð sem verður nr. 149 við Hringbraut.
8. Samp. að gefa Elíasi Hjörleifssyni, Njálsg. 74, kost á leigulóðinni nr.94 við Njálsgötu.
9. Samp. að krefja ekki leigu fyrstu 5 árin eftir land fulltrúaráðs verkalyðsfjelaganna í Rauðhólum.
10. Lögð fram umsókn Erlends Erlendssonar um leyfi til þess að hafa á hendi veitingar og seldgötissölu í Sundhöllinni.
11. Synjað beiðni Rögnvalds Rögnvaldssonar og Arinbjarnar Árnasonar um leyfi til þess að hafa veitingar og danspall við vantanlegan baðstað við Skerjafjörð á næstkomandi sumri.
12. Lagt fram brjef lögreglustjórans í Reykjavík ásamt skrá um gistihús og veitingastaði hjer í bænnum svo og skýrslu heilbrigðisnefndar um húsnæðis nokkurra veitingastaða. Sömuleiðis lagt fram brjef frá Fjelagi Matvörukaupmanna viðvíkjandi rekstri og lokunartíma ýmissa veitingastaða.
13. Synjað beiðni fiskiveiðafjel. Feyja um að síldarnót fjelagsins verði leyst úr veðbandi.
14. Samp. að leyfa Þorbirni Þjeturssyni, Lokastíg 28, að taka 700 króna lán með veði í fyrgreindri húseign hans er gangi fyrir veðrjetti bæjarsjóðs.
15. Lögð fram skýrsla Jóns Sigurðssonar skólastjóra um starfrækslu heimavistar skólans við Reykjaveg frá 30. nóvbr. til 25. febr.
16. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn í dag.

- 17. Ákveðið að næstu viku 12. - 18. þ.m., skuli vera sama tala verkamanna í atvinnubótavinnu sem verið hefir undanfarnar vikur.
- 18. Lagt fram erindi Sæmundar Gíslasonar lögregluþjóns þar sem hann fer fram á skaðabætur vegna meiðsla sem hann kveðst oft hafa hlotið í viðureign sinni við ofstopamenn á undanförunum árum. Samp. að mæla með því, að honum verði greiddar 600 kr. skaðabætur úr bæjarsjóði.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Jakob Möller.

Jóh. Ólafsson.

Jón Axel Pjetursson.

Guðm. Eiríksson.

Guðm. Oddsson.

Ár 1936,  
ráðið fu

- 1. Samp. undir kr. 7 falið
- 2. Bæja megi enda er k
- 3. Beiðn vísað
- 4. Samp. byggja blett. verða
- 5. Bæjarr yfirst gerð v
- 6. Hafnað XXI m
- 7. Lögð f döttur andi.
- 8. Lagt f smíði bæjars
- 9. Synjað fatakra
- 10. Lögð fr atvinnu
- 11. Synjað þar sem
- 12. Bæjarve fengið hreinsi

Jakob Möller  
Guðm. Eiríks

Bæjarráð.

Ár 1936, föstudaginn 28. febrúar, kl. 5 síðdegis, hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að leiga eftir landsvæði það, sem ætlað er h/f. Nafta undir benzingeyma í Vatnagörðum skuli fyrstu 5 árin ókeypis kr. 750.00 á ári, en fari síðan eftir mati. Borgarstjóra falið að gera samninginn um löðina.
2. Bæjarráðið samþykkir fyrir sitt leyti að Ágúst Jónsson megi byggja verkstæðisskúr á löðinni nr. 10 við Mjóstræti, enda verði skurinn rifinn, bænum að kostnaðarlausu, þegar er krafist verður.
3. Beiðni Geirs Gunnlaugssonar, Eskihió, um erfðafestuland vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.
4. Samþ. að leyfa Guðrúnu Sigurðardóttur, Sogabletti IX, að byggja íbúðarhús úr steinsteypu á erfðafestulandinu Bústaðabletti XIII, enda hlýti hún skilmálum sem settir kunna að verða um byggingar á erfðafestulöndum.
5. Bæjarráðið samþykkir fyrir sitt leyti að framlengja fyrir yfirstandandi ár samþykkt um ívilnun á vatnsgjaldi togara, er gerð var á fundi bæjarráðsins 22. febr. 1935.
6. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Fvottalaugabletti XXXI með Hálogalandi.
7. Lögð fram umsókn Magneu Hjálmarsdóttur og Þorbjargar Jónsdóttur um afnot af sundlaug Austurbæjarskólans á sumri komandi.
8. Lagt fram brjef hafnarstjóra með reikningi yfir kostnað við smíði á fjórum mótorbátum, sem hann hafði umsjón með f.h. bæjarsjóðs.
9. Synjað erindi hreppsnefndar Rauðasandshrepps um afföll af fatakraskuldum hreppsins við bæjarsjóð.
10. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn í dag.
11. Synjað beiðni Ragnhildar Einarisdóttur um erfðafestuland þar sem reisa megi íbúðarhús.
12. Bæjarverkfræðingur skýrði frá því, að hann hafi ekki enn fengið afgreitt innflutningsleyfi fyrir jarðhitabor nje hreinsitækjum til Sundhallarinnar.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Jakob Möller.

Jón Axel Pjetursson.

Guðm. Þiríksson.

Bjarni Benediktsson.

B æ j a r r á ð .

Ár 1936, föstudaginn 21. febrúar, kl. 5 síðdegis, hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram brjef frá Byggingarfélagi Alþýðu þar sem farið er fram á að lóðarleiga verði ekki tekin eftir svæðið undir leikvellingum í húsaгарði fjálagss húsa. Vísað til borgarstjóra til athugunar.
2. Kristján og Pjetur Aðalsteinssynir afsala sjer rjetti til leigulóðarinnar nr. 34 við Holtsgötu.
3. Samp. að gefa Erlendi Þinarssyni, Leifsgötu 18, kost á leigulóðinni nr. 10 við Leifsgötu, en Arinbjörn Þorkelsson afsalar sjer rjetti til lóðarinnar.
4. Samp. að gefa Hróbjarti Árnasyni f.h. Bustagerðarinnar kost á leigulóðinni nr. 96 við Laugaveg til byggingar fyrir íbúð og vinnustofur, enda verði byggt á lóðinni skv. útlitsupprætti sem bæjarráðið hefir samþykkt.
5. Erindi Diðriks Helgasonar, Hávallagötu 44 um stækkun á lóðinni nr. 46 við sömu götu vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu
6. Erindi Þjórnar Þorgrímssonar o.fl. um skifti á svonefndri Vigfusarkotslóð og lóðinni nr. 44 við Garðastræti falið bæjarverkfræðingi til athugunar.
7. Synjað beiðni Ingbórs Sigurbjörnssonar um leyfi til að hafa íbúð í gripahúsi sem hann hefir fengið leyfi til að byggja á erfðafestulandinu Sogamyrbhl. VI.
8. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulaninu Laugarásbletti XVII.
9. Erindi Markúsar Guðmundssonar, Klapp. 14, um leiguland í svonefnda Kaupmannstúni vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
10. Beiðni Ragnhildar Einarsdóttur, Njálsgötu 8 B, um erfðafestuland vísað til bæjarverkfræðing til athugunar.
11. Samp. að gefa h/f. Nafta kost á lóð undir benzingeymi með tilheyrandi mannvirkjum inn í Vatnagörðum og taka í því skyni hluta af erfðafestulandinu Vatnagarðabletti I.
12. Um leigu á kálgorðum bæjarins var tekin þessi ákvörðun:  
Bæjarverkfræðingi falið að láta nú þegar auglýsa kálgarðana til leigu fyrir yfirstandandi ár og hafi núverandi leigjendur forleigurjett að görðum sínum, enda segi þeir til fyrir 15. apríl og greiði jafnframt leiguna fyrir fram. Eftir þann tíma skal leigja garðana öðrum og greiðsit öll leiga fyrirfram.
13. Samp. að mæla með umsókn Hólmsfríðar Þorlákssdóttur um styrk úr Styrktarsjóði Hjálmars kaupmanns Jónssonar.
14. Lögð fram umsókn Hallstein Hinrikssonar um forstjórastöðu við Sundhöllina.
15. Borgarstjóra falið að æskja þeirrar breytingar á útsvarlögnum að ríkisstjórninni verði veitt heimild til þess að ákveða með reglugerð að kaupgreiðsla borgarskjalasáttmála Reykjavíkur þess að halda eftir af kaupum manna upp í útsvar á sama hátt

og nú gildir að því er snættir greiðslu tekju- og eignaskatts skv. Rg. nr. 115, 28. desember 1932, sem var sett samkv. heimild í lögum nr. 79, 23. júní 1932.

16. Samp. að mæla með því að S. ígurði Gíslasyni, Hverfisg. 16, verði veitt uppreisn æru.
17. Íþróttasamband Íslands beiðist þess að atvinnulausir íþróttamenn verði látnir sitja fyrir vinnu við Mauthólsvíkurlanðið er til kemur.
18. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 20. þ.m.
19. Lögð fram skýrsla Ráðningarskrifstofu Reykjavíkurbæjar um janúarmanuð.
20. Lagt fram brjef Barnaverndarnefndar viðvíkjandi húsnæði því sem barnheimilið "Vorblómið" hefir nú í húsinu nr. 25 við Laugsveg. Vísað til borgarstjóra til athugunar.
21. Lögð fram tillaga Björns Bjarnasonar sem vísað var til bæjarráðs á síðasta bæjarstjórnarfundi.
22. Lögð fram tillaga Stefáns Jóh. Stefánssonar sem vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar 20. þ.m.
23. Samp. að halda áfram atvinnubótayinnu í næstu tvær vikur með sama fjölda verkamanna sem nú eru í vinnunni.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Jakob Möller.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Eiríksson.

Guðm. Oddsson.

Ár 1936, föstudaginn 14. febrúar, kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram brjef frá Lárusi Fjeldsted hrmflm. þar sem tilkynnt er að Kristín Egilsdóttir, óski mjög eindregið eftir því að eignast lóðina nr. 9 við Tungötu skv. áður gefnu loforði og að gengið verði frá afsali þegar málaferlum á milli Kristínar og bæjarsjóðs er lokið. Samþ. að lóðin verði ekki seld öðrum að svo stöddu.
2. Samþ. að fallast á tilmæli frá Tryggva Pjeturssyni & Co um að lóð þeirra við Skúlagötu verði skift þannig að Jón Pjetursson, Eiríksgötu 9 fái 9,30 metra breiða skák austan af lóðinni til iðnreksturs. Það skilyrði er sett að Jón Pjetursson byggi á lóðarparti sínum þegar er skifting verður gerð. Bæjarverkfræðingi falið málið til afgreiðslu að öðru leyti.
3. Synjað beiðni Jóns Harry, Vitastíg 9, um erfðafestuland í Fossvogi.
4. Lagt fram brjef eigenda húseignarinnar Bragagötu 32 þar sem þess er beiðst að bæjarstjórn hlutist til um að nefnd eign fái gangrjettindi um lóðina nr. 15 við Haðarstíg. Bæjarráð alítur mál þetta bæjarstjórninni óviðkomandi.
5. Lagt fram erindi Sigríðar Finnbogadóttur, Skaftafelli, Grímsstaðaholti, þar sem beiðst er leyfis til að selja grænmeti á Lækjartorgi. Afgreiðslu frestað, en borgarstjóra og bæjarverkfræðingi falið að gera tillögur um hæfilega staði fyrir grænmetissölu í bænum á næsta sumri.
6. Lagt fram brjef formanns skólanefndarinnar, þar sem tilkynnt er alyktun nefndarinnar á fundi 11. þ.m., um að hafinn verði undirbúningur að byggingu skólahúss fyrir Skildinganeshverfi.
7. Eftir tillögu Jakobs Guðjohnsens verkfr. var samþ. með 3:1 atkv. að taka tilboði firmans Bræðurnir Ormsson um að fullgera ljósalögn í Sundhöllinni með endurbótum sem þegar hafa verið gerðar og öllum tilskildum breytingum og viðbótum skv. teikningu og lýsingu, sbr. brjef firmans da gs. í janúar 1936, fyrir alls kr. 4250.00. Hinsvegar var samþ. að bjóða út lampa og uppsetningu þeirra.
8. Lagður fram reikningur Vinnumiðlunarskrifstofunnar í janúar ásamt skýrslu um starfsemi skrifstofunnar í þeim mánuði.
9. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa menn 13. þ.m.
10. Bæjarráð vísar til bæjarstjórnar erindi Sjúkrasamlags Reykjavíkur um styrk úr bæjarsjóði vegna sjerstakra utgjalda samlagsins á síðasta ári.
11. Borgarstjóri skýrði frá viðræðum sínum nýlega við formann byggingarnefndar Háskólans um lóð undir byggingar Háskólans. Út af því samþykkti bæjarráðið að leggja til við bæjarstjórn að Háskólaíslands verði fengin lóð undir fyrirhugaðar byggingar sínar sunnan Hringbrautar á milli Suðurgötu og fyrirhugaðrar framlengingar af Tjarnargötu suður að vegi gegnt Loftskeytastöðinni. Land þetta fái bæjarstjórnin Háskólanum án endurgjalds, þannig að úr bæjarsjóði verði greitt það sem erfðafestuhöfum þer samkv. samningum og ákveði bæjarstjórn að heimila bæjarráði að taka erfðafestulöndina eftir því sem þörf krefur. Ennfremur heiti bæjarstjórn því um næstu 25 ár að ráðstafa ekki til frambúðar landi suður af þessu svæði, allt suður að framlengingu Fálkagötu, án samþykkis stjórnarvalda Háskólans.

Fleira gerðist ekki.  
Fundir slitið.

Pétur Halldórsson.

Stefán Jóh. Stefánsson.  
Kob Möller.

Bjarnar Bendiktsson.  
Jon Axel Pjetursson. Reykjavíkur

Guðm. Ásbjörnsson.

B æ j a r r á ð .  
-----

Ár 1936, föstudaginn 7. febrúar kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

- 1.. Borgarstjóri var kosinn formaður bæjarráðsins, Guðmundur Ásbjörnsson varaformaður og Stefán Jóh. Stefánsson ritari.
2. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Bústaðabl. XV með mannvirkjum.
3. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Sogamýri X með húseigninni Rjettarholt, Þvottalaugabletti XXXIV og Fossvogsbletti XXXV.
4. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Fossvogsb. VI.
5. Synjað beiðni Hannesar E. lundssonar um leyfi til að byggja íbúðarhús á erfðafestulandinu Fossvogsb. XXVIII eftir teikningu, er fylgdi umsókninni.
6. Anna Helgadóttir afsalar sjer lóðinni nr. 11 við Leifsgötu. Samþ. að gefa Ársæli Jónssyni, Barónsstíg 53, kost á lóðinni.
7. Bæjarráðið samþykkir fyrir sitt leyti að Páll M. Ólafsson, Leifsgötu 20, fái að byggja brúðabirgða íbúðarhús á lóðinni nr. 84 við Laugarnesveg. Bæjarráð gaf honum kost á lóðinni 16. febr. 1934.
8. Hafnað söluboði Þórðar Kolbeinssonar á húseigninni nr. 94 A við Hverfisgötu.
9. Samþ. að selja Kristni Bjarnarsyni, Stýr. 7, lóðina nr. 9 við Tungötu, enda vilji Kristín Egilsdóttir, sem boðin var lóðin, ekki kaupa hana.
10. Erindi stjórnmalafjelaganna Varðar og Heimdallar um leigu á Eiði í Mosfellssveit og landi þar hjá fyrir skemmtistað vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
11. Samþ. að heimila barnaverndarnefnd að verja til launa handa nefndarmönnum kr. 3500.00 af fjárveitingu sem ætluð er til þess að standa straum af kostnaði við nefndarstörf fin skv. fjárhagsáætlun bæjarins. 1936, VII, 13
12. Lagt fram brjef rafmagnsstjóra f.h. Sogsvirkjunarinnar viðvíkjandi framtali A/S. Højgaard & Schultz til skatts hjér á landi. Falið borgarstjóra til athugunar.
13. Lagt fram brjef rafmagnsstjóra viðvíkjandi greiðslum fyrir eftirvinnu við Rafmagnsveituna, með tillögum nokkurra starfsmanna þar. Ákvörðun frestað.
14. Lagt fram brjef húsameistaræ ríkisins dags. 5. þ.m. viðvíkjandi breytingum á Sundhöllinni. Borgarstjóra falið að svara brjefi.
15. Lagðar fram tillögur Einrars Ólgeirssonar frá bæjarstjórnarfundinum í gæð er vísað var til bæjarráðs.
16. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skráða atvinnulausa menn 6. þ.m.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Jakob Möller.  
Guðm. Ásbjörnsson

Bjarni Benediktsson.  
Jón Axel Pétursson Stefán Jóh. Stefánsson.

B æ j a r r á ó .  
-----

Ár 1936, föstudaginn 31. janúar, kl. 5 síðdegis, hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram brjef Guðbjartar Guðbjartssonar, Bræðr. 33, viðvíkjandi eignarnami á nefndri huseign undir Havallagötu. Bæjarverkfræðingi falið málið til athugunar.
2. Lögð fram brjef frá Nóa Kristjánssyni þar sem beiðst er leigu á Grundarbletti til slagna og lóð í Vatnagörðum til beitar. Frestað.
3. Beiðni Þórarins Vigfússonar, Bergþ. 27, um lóð í nágrenni bæjarins til starfrækslu hæsnabúss vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
4. Beiðni Kristjáns og Pjeturs Aðalsteinssona um leigulóðina nr. 34 við Holtsgötu vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.
5. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti að leyfa Gunnþórunni Halldórsdóttur og Guðrúnu Jónasson að byggja á horni Amtmannsstígs og Þingholtsstrætis viðbótarbyggingu við húsið nr. 5 við Amtmannsstíg, ur timbri, að stærð ca. 79 ferm., enda verði þinglesin su kvöð á eigninni, að ef rífa þarf húsið (viðbótarbygginguna) vegna breytts skipulags skuli þáverandi verðmæti byggingarinnar dregin frá þeirri upphæð, sem bæjarsjóður eða Skipulagssjóður verður að greiða fyrir eignina.
6. Samþ. að leyfa Guðmundi Ólafssyni að byggja íbúðarhús úr timbri á erfðafestulandinu Kleppsmýrarbl. X, svo og fjós og hlöðu úr sama efni, enda hlyti hann þeim skilmálum, sem settir kunna að verða um byggingar á erfðafestulöndum.
7. Lögð fram umsögn áfengisvarnarnefndar um nokkrar umsóknir um veitingaleyfi sem hafa borist lögreglustjóra og meðmæla bæjarstjórnar var æst fyrir. Ályktun frestað þar til skýrsla heilbrigðisnefndar um húsnæði veitinga- og greiðasölustaða hjer í bænnum er fengin, og jafnframt var þess óskað að sú skýrsla bærst sem fyrst.
8. Synjað beiðni Hjalta Einarssonar, Shellvegi 2, um leyfi til að reka tvo kaffisöluvagna við höfnina.
9. Lögð fram skýrsla um barnalesstofu Lestrarfjelags kvenna árið 1935.
10. Erindi ríkisskattnefndar þar sem óskað er umsagnar bæjarráðs um erindi Vigfúsar Einarssonar skrifstofustj. viðvíkjandi fyrningu á huseign við Lóugötu og Smirilsveg vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.
11. Sjúkrasamlag Reykjavíkur sækir um styrk úr bæjarsjóði, kr. 15,000.00, til þess að standa straum af óvenjulega miklum rekstrarkostnaði árið 1935. Borgarstjóra falið málið til athugunar m.a. að ræða það við atvinnuáráðherra.

12. Lögð fram skýrsla og reikningar Vinnumiðlunarskrifstofunnar árið 1935 ásamt kostnaðaráætlun árið 1936.
13. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um atvinnulausa menn 30. þ.m.
14. Lagt fram brjef bæjarverkfræðings og bæjarfulltrúanna Guðm. Oddssonar og Guðm. Eiríkssonar þar sem þeir tilkynna að h/f. Strætisvagnar Reykjavíkur hafi ekki enn gefið upplýsingar sem þeir hafa óskað eftir út af erindi fjelagsins 2. þ.m. þar sem beiðst er samþykkis bæjarstjórnar á fargjalda hækkun.
15. Bæjarráð leggur til að hafnað verði framkomnum tilboðum í jarðskjálftatryggingar hjér í bænum, en málið verði tekið upp í sambandi við næstu samning um brunatryggingar.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Jakob Möller.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Bjarni Benediktsson

Jón Axel Pjetursson.

Guðm. Ásbjörnsson.

B æ j a r r á ð .

Ár 1936, föstudaginn 24. janúar, kl. 5 síðdegis, hjelt bæjar-  
ráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram skýrsla frá Lúðrasveit Reykjavíkur um útihljóm-  
leika fyrir almenning árið 1935.
2. Lagt fram erindi frá Barnaverndarnefnd þar sem farið er fram  
á að þóknun til nefndarmanna verði hækkuð. Falið borgar-  
stjóra til athugunar.
3. Synjað beiðni Knattspyrnufjelagsins " Fram" um að snjórinna  
sem hefir safnast umhverfis skautasvellið á Austurvelli,  
verði tekinn í burtu á kostnað bæjarsjóðs.
4. Beiðni Ulrik Hansens, Lvg. 27 B um lóð undir lítið íbúðarhús  
vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
5. Samþ. að leigja Páli Stefánssyni, Bergþg. 14, sneið vestan  
af lóðinni nr. 16 við sömu götu, 34 cm. á breidd, að tilskildu  
samþykki Byggingarfelags Reykjavíkur í Likvidation. Sömuleiðis  
samþykkt að gera nýja leigusamninga um lóðirnar  
nr. 12., 14. og 16 við Bergþórugötu.
6. Synjað erindi Markúsar Ísleifssonar, Sólv. 35, um gjaldþrot  
á bæjargjöldum og vöxtum af veðskuldum áhvílandi huseigninni  
Sólvallagötu 35, vegna fyrirhugaðrar sölu á eigninni.
7. Lagt fram brjef frá Fiskimálanefnd þar sem beiðst er heimild-  
ar til þess að setja niðurfall í íshúsið " Ísbjörninn" við  
Skothúsveg, vegna breytinga sem gera þarf á húsinu í því  
skyni að þar verði rekin tilraunastarfsemi með hraðfrystan  
fisk.  
Falið bæjarverkfræðingi til afgreiðslu.
8. Samþykkt svar til húsameistara ríkisins við brjefi hans  
dags. 6. desbr. síðastl. viðvíkjandi breytingum á Sundhöll-  
inni.
9. Bæjarráðið ítrekar fyrirskipun sína um að húsið nr. 41 við  
Brærorborgarstíg verði flutt úr Ásvallagötu þegar er unnt  
verður, en rífið að öðrum kosti.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Jakob Möller.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Bjarni Benediktsson.

Jón Axel Pjetursson.

Guðm. Ásbjörnsson.

Bæjarráð.

Ár 1936, föstudaginn 17. janúar, kl 5 e.h., hjelt bæjar-  
ráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Brjefi Klæðaverksm. "Alafoss" um kaup á raforku til iðnrekst-  
urs vísað til umsagnar rafmagnsstjóra.
2. Lagt fram brjef frá Steingrími Jónssyni rafmagnsstjóra, ásamt  
eftirrit af brjefi frá úr. Vilhjálmi Stefánssyni viðvíkjandi  
framtíðar flugvöllum í Reykjavík og grend.
3. Frá því var skýrt að Pjetur Hjaltested Sunnuhvoli byðist til  
þess að láta af hendi við bæjarstjórnina öll erfðafestulönd  
sín, Norðurmyrarbletti VI, X, XXI, XXII, XXV, XXVI, XXVII og  
XXX samtals skv. fasteignamati Reykjavíkur 24,04 ha., fyrir 200  
þúsund krónur. Samþ. að hafna þessu boði.  
Þá var samþ. að nauðsyn bæri til að taka undir götur og bygg-  
ingar bráðlega þann hluta erfðafestulandanna Norðurmyrarbl. VI  
og X, sem liggur vestan fyrirhugaðrar framlengingar Rauðarar-  
stígs og er að stærð ca. 2,08 ha.  
Var borgarstjóra falið að biðja um mat á landinu skv. erfðafestu-  
skilmálunum, en bæjarstjórn taki síðan ákvörðun um hvort spildan  
skuli tekin.
4. Eftir tillögu bæjarverkfræðings og Magnúsar V. Jóhannessonar  
var samþ. að láta rífa húseignina Suðurlól 1 - 10 við Laufásveg.
5. Samþ. að leyfa Ingþóri Sigurbjörnssyni, Hlíðarenda við Laugarás-  
veg að byggja hænna- og svínahús úr timbri á erfðafestulandinu  
Sogamýrarbl. XLV.
6. Lagt fram brjef Íþróttasambands Íslands þar sem skorað er á bæj-  
arráð að láta opna sundlaugarnar fyrir almenning. Borgarstjóri  
skýrði frá því að laugarnar hefðu þegar verið opnaðar, aðeins  
lokaðar fáa daga þegar vest voru frostin.
7. Lagt fram brjef lögreglustjórans í Reykjavík viðvíkjandi skoðun  
á kjallaraíbuðum skv. lögum 57, 14. júní 1929. Samþ. að skoðun  
fari nú fram eftir ákvæðum laganna.
8. Lagt fram brjef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins dags. 13.  
þ.m. þar sem heitið er 150 þús. króna framlagi til atvinnubóta  
hjer í bænum á yfirstandandi ári.
9. Lagt fram brjef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins dags. 13.  
þ.m. þar sem heitið er allt að 13 þús króna framlagi úr ríkis-  
sjóði á árinu til atvinnubóta og fræðslu handa ungum mönnum.
10. Lögð fram skýrsla barnaverndarnefndar árið 1935.
11. Lagt fram brjef frá brunabótafjelaginu Albingía, þar sem skýrt  
er frá að ágóði fjelagsins af tryggingum hjer í bænum hafi  
numið kr. 109,124.71 árið 1. apríl 1934 til 31. marz 1935 og  
að ágóðahlutur bæjarins þar af nemi kr. 10,912.47.
12. Samþ. að skifta erfðafestulandinu Sogamýrarbletti XXVI eftir  
ákvörðun bæjarverkfræðings, enda verði ekki reistar byggingar  
á landinu fleiri en þegar eru þar.

- 13. Byggingarnefnd hefir vísað til umsagnar bæjarráðs beiðni Þinars Kristjánssonar og Sigurðar Jonssonar um að breyta fyrirkomulagi á kvistum húsa við B - götu í Norðurmýri. Bæjarráðið synjar beiðninni með 2:2 atkv. Málinu vísað til bæjarstjórnar.

Fleira gerðist ekki

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Guðm. Ásbjörnsson.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Bjarni Benediktsson.

Jakob Möller.

Jón Axel Pjetursson.

Ár 1936,  
ráðið fu

1. Samþ  
Brar

2. Syn  
har

3. Lag  
dag  
vík  
í

4. Lag  
til  
da  
pet  
stj  
skv

5. Lag  
um  
vir  
mag  
vir

6. Hal  
lóc  
sy  
inn

7. Fyr  
um  
Þir  
Bir

8. Syn  
gre  
fer

9. Lag  
nið  
í

10. L  
se

11. L  
ó

12. L  
R  
:

Bæjarráð.

Ár 1936, föstudaginn 10. janúar, kl. 5 síðdegis, hjelt bæjar-  
ráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að leita umsagnar fátækralæknanna um sjúkdóm Þóreyjar Brandsdóttur og möguleika til lækninga.
2. Synjað beiðni Ásgeirs Hraundals, Sogablettii 8 og konu hans um aðstoð til þess að kaupa huseign við Elliðaárnar.
3. Lagt fram brjef frá atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu dags. 28. des. 1935 viðvíkjandi skyldu fátækra sjóðs Reykjavíkur til þess að framfara Sigríði Matthíasdóttur, Sjónarhóli í Sogamýri.
4. Lagt fram brjef rafmagnsstjóra viðvíkjandi pöntun á efni til aukningar þæjarkerfis Rafmagnsveitunnar árin 1936-38, dags. 6. þ.m. ásamt brjefi frá J. Nissen verkfræðingi um þetta efni, dags. 13. des. 1935. Eftir tillögu rafmagnsstjóra var samþykkt að fela Nissen að annast þessar pantanir skv. því sem segir í fyrgreindu brjefi hans.
5. Lagt fram brjef rafmagnsstjóra til borgarstjóra dags. 7. þ.m. um lánsfjárbærf Rafmagnsveitunnar hjer innanlands meðan á virkjun Sogsins stendur. Samþ. að fela borgarstjóra og rafmagnsstjóra að leita fyrir sjer um bráðabirgðalán meðan á virkjuninni stendur.
6. Halldór Runólfsson og Guðni Guðmundsson afsala sjer leigulóðinni nr. 98 við Laugaveg. Samþ. að gefa Torfa Guðbjörnsyni, Grettisgötu 63 og Steingrími Jonatanásyni kost á lóðinni til byggingar íbúðarhúss.
7. Fyrirspurn Guðrúnar Jónasson og Gunnþórunnar Halldórsdóttur um hvort leyfð muni verða bygging á horni Amtmannsstígs og Þingholtsstrætis vísað til umsagnar bæjarverkfræðings og Einars Sveinssonar húsameistara.
8. Synjað erindi Alexanders Guðmundssonar um að bæjarsjóður greiði fyrir hann fargjöld með strætisvögnum vegna eftirlitsferða hans til mjólkurframleiðenda.
9. Lagt fram brjef frá Sláturfjelagi Suðurlands viðvíkjandi niðursuðuverksmiðju fyrir síld og aðrar fisktegundir hjer í Reykjavík.
10. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um tölu skrásettra atvinnulausra manna hjer í bænnum 9. þ.m.
11. Lögð fram skýrsla Ráðningarstofu Reykjavíkurbæjar um desbr. - mánuð.
12. Lagt fram skýrti frá glímufjelaginu Ármann þar sem fjelagið þakkar bæjarstjórninni, á 30 ára afmæli sínu, auðsýndan styrk til eflingar líkamlegri menningu hjer í bænnum undanfarin ár.
13. Rögnvaldur Sveinbjarnarson sækir um forstjórarastarf við Sundhöll Reykjavíkur.

14. Hannesi Erlendssyni, Suðurgötu 31, synjað um leyfi til þess að byggja sumarhús á erfðafestulandinu Fossvogsbl. XXVIII skv. teikningu er fylgir erindinu.
15. Útsvarsmál: Guðrún J. Erlings, Þingh. 33, Björgvin Jónsson husgagnasmiður, Jón Heiðberg, Von. 12, Árni Gunnlaugsson, Freyjug. 15, Kai Andersen, Nyl. 15 B, Þorkell H. Jónsson, Lvg. 144, Carl Hemming Sveins, c/o Núi h/f., Ólafur Þorvarðsson, Brávallag. 26, Jón Kristinsson, Fram. 28, Kjartan Th. Sigurðsson, Barónsstíg 61, Kaj Lorenge, Freyj. 10, Rannveig Ólafsdóttir, Grett. 64, Sögurgeir Albertsson, Seljaveg 27, Steingr. Magnússon, Spít. 6, Steinþór M. Stefánsson, Sóleyjarg. 15, Sigurður J. Guðmundsson, Lvg. 30 B, Þorsteinn Tomasson, Nyl. Jón Jónsson frá Storadal, Jóhann Jóhannsson, Bergst. 14, Ingveldur Björnsdóttir, Ing. 8, Haraldur Guðmundsson, Ásv. 23, Lars Halsör, umboðsmaður, Guðm. Kristinsson, Hvg. 83, Guðrún Benediktsdóttir, Lauf. 65, Guðm. Halldórsson, Grett. 79, Guðjón Þorsteinsson, Smiðjustíg 7, Bimskipafjel. Ísafold H/f. Bentína Fr. Stefánsdóttir, Grjótag. 4, Emilía Guðmundsdóttir, Landsspítalanum, Gunnlaugur O. Bjarnason, Elliheimilinu, Friða Proppé, Akranesi, Sveinn Sigurjónsson, Fram. 28.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Guðm. Ásbjörnsson.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Axel Pjetursson.

Bjarni Benediktsson.

Jakob Möller.

Bæjarráð.

Ár 1936, föstudaginn 3. janúar kl. 5 síðdegis, hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstrati 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram brjef frá formanni Bálfarafjelags Íslands, dags. 2. þ.m., þar sem ítrekuð eru tilmæli fjelagsins um lóð undir bálstofu. Samp. með 4;1 atkv. að gera ráðstafanir til þess að bæjarsjóður fái í sínar hendur umráð yfir Norðurmyrarblettum VI og X að nokkru eða öllu leyti, eftir ákvörðun bæjarráðs síðar og heita fjelaginu hæfilegri lóð á þessu svæði með nánari skilyrðum sem sett kunna að verða fyrir byggingu bálstofu hjer í bænum.
2. Synjað boði fiskveiðafjel. Draupni h/f um sölu á húsum og mannvirkjum á fiskverkunarstöð fjelagsins "Alfheimum". Hinsvegar var borgarstjóra heimilað að gera nýjan leigusamning við fjelagið um landið sem stöðin er á til 5 ára frá 1. jan. 1937.
3. Samp. að leigja Sigurbergi Sigurbergssyni, Hvg. 90, lóðarblett undir íbúðarskur við Laugarnesveg, eftir útvísun bæjarverkfræðings.
- X 4. Lagt fram brjef frá h/f Strætisvagnar Reykjavíkur dags. í dag þar sem tilkynnt er um ýmsar breytingar sem fjelagið hefir gert á ferðum bifreiða sinna.
5. H/f. Strætisvagnar Reykjavíkur biðja um samþykki bæjarráðs og bæjarstjórnar til hækkunar á fargjöldum með bifreiðum fjelagsins. Vísað til bæjarverkfræðings til athugunar og þess jafnframt óskað að bæjarfulltrúarnir Guðm. Eiríksson og Guðm. Oddsson taki þátt í rannsókn málsins. með honum.
6. Lagt fram brjef frá atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, dags. 27. desbr. 1935 þar sem tilkynnt er að ráðuneytið samþykki þá ákvörðun bæjarstjórnar að þóknun til stjórnenda Vinnumiðlunarskrifstofunnar skuli ákveðin 6 kr. fyrir hvern stjórnarmann fyrir hvern stjórnarfund er þeir sitja, þó ákveður ráðuneytið þóknun formannsins 9 kr. fyrir hvern fund.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Fétur Halldórsson.

Bjarni Benediktsson.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jakob Möller.

Guðm. Ásbjörnsson.

Jón Axel Fétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur





